



FRÉTTABLAÐIÐ

7. nóvember 2005 — 301. tölublað — 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

Íslendingar undir áhrifum

Sálin hans Jóns míns tryllti landa sína á vel heppnuðu sveitaballi í Kaupmannahöfn.



FÓLK 24

Með æskuvinum á Akureyri

Þorvaldur Þorsteinson rithöfundur og myndlistarmaður er 45 ára í dag.



TÍMAMÓT 18

Framferði Landsvirkjunar

„Stjórnendur Landsvirkjunar virðast starfa eftir þeirri hugmynd að fyrirtækið sé nokkurs konar þjóðkirkja,” skrifar Guðmundur Andri Thorsson.

Í DAG 16


Loksins tapaði Chelsea

Chelsea tapaði sínum fyrsta leik í ensku úrvalsdeildinni í vetur þegar liðið heimsótti Manchester United. Þetta var fyrsta tap Chelsea í fjörtíu leikjum í úrvalsdeildinni. Darren Fletcher skoraði eina mark leiksins.



ÍÞRÓTTIR 28

VEÐRIÐ Í DAG



ÞAÐ VERÐUR FREMUR hæg austlæg átt í fyrstu en bætir vind eftir því sem liður á daginn. Strekingur víða með kvöldinu og slydda nokkuð víða.

VEÐUR 4

Pitt val skiptir máli

Íslenskir dagar

3. til 12. nóvember í

EK FJARDARKAUP

Íslenskir framleiðendur SI

Viðbrögð ríkisins vonbrigði

Kjarasamningum Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambands Íslands verður líklega sagt upp sýni stjórnvöld ekki meiri vilja í aðkomu sinni að endurskoðun þeirra, segir framkvæmdastjóri ASÍ. Hann segir þetta mikil vonbrigði því stjórnvöld beri ábyrgð á brostnum forsendum samninga.

KJARAMÁL Kjarasamningum verður að öllum líkindum sagt upp komi stjórnvöld ekki lengra til móts við atvinnurekendur og verkalýðshreyfinguna, að mati Gylfa Arnbjörnssonar, framkvæmdastjóra Alþýðusambands Íslands. Hann segir viðbrögð yfirvalda við breyttum forsendum kjarasamninga mikil vonbrigði. Fjögurra manna nefnd á vegum ASÍ og Samtaka atvinnulífsins reynir nú að ná saman um viðbrögð við breyttum forsendum kjarasamninga. Komist nefndin ekki að samkomulagi fyrir 15. nóvember verða samningar sendir til stéttarféлага sem skera úr um hvort þeim verði sagt upp eða ekki. Ágreiningurinn er djúpstæður en bæði ASÍ og SA telja vandann að miklu leyti snúa að ríkinu. „Ríkið á að koma myndarlega að þessari endurskoðun, enda er talsvert af því sem bregður út af í samskiptum okkar við atvinnurekendur klárlega afleiðing af þeirri efnaleysisbætur.



GYLFI ARNBJÖRNSSON Segir ríkið eiga að koma myndarlega að endurskoðun kjarasamninga. hagsstefnu sem hefur verið rekin,” segir Gylfi.

Verkalýðsforystan hefur lagt fram nokkrar kröfur á hendur ríkinu og segir Gylfi að SA hafi tekið undir þær að mestu leyti. ASÍ vill í fyrsta lagi að ríkið axli hluta af örorkubyrði lífeyrissjóðanna, sem hefur farið vaxandi undanfarin ár. „Því höfum við þurft að mæta með skerðingu réttinda félagsmanna okkar. Lífeyrissjóðir á vegum ríkisins, alþingismanna eða ráðherra njóta hins vegar ríkisábyrgðar og félagar í þeim halda því sínu á okkar kostnað.“ Þá fer ASÍ fram á að í tengslum við breytingar á atvinnuleysisstryggingasjóði verði teknar upp tekjutengdar atvinnuleysisbætur. Gylfi segir einnig brýnt að ríkið

auki fjárframlög til fullorðinsfræðslu á almennum markaði. Gylfi segist hafa gert sér nokkrar væntingar til stjórnvalda í ljósi þess hversu vel þau hafi tekið í þá kröfu að setja lög um starfsmannaleigur. Á fundi í síðustu viku hafi þau hins vegar sýnt lítinn áhuga á að verða við óskum ASÍ. „Það er ekki launungarmál að viðbrögð stjórnvalda, sérstaklega hvað varðar örorkubyrðarnar og atvinnuleysisstryggingasjóð, eru vægast sagt vonbrigði og gefa ekki tilefni til hjartástandi. Að óbreyttu sé ég ekki fram á annað en við munum senn fara að undirbúa uppsögn samninga.“ Ekki náðist í Árna Mathiesen fjármálaráðherra.



BARÁTTA VIÐ BRENNUVARGA Franskur slökkviliðsmaður berst við að slökkva í brennandi bíl í blokkahverfi í Les Mureaux-hverfinu norðvestur af París í fyrrinótt. Alls voru um 1.300 bílar brenndir þessa nótt í úthverfum Parísar og fleiri stærri borga Frakklands.

Ekkert fjölmiðlafrumvarp afgreitt á þessu ári segir menntamálaráðherra: Frumvarp um RÚV fyrir jól

FJÖLMÍÐLAR Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra segir að frumvarp um eignarhald á fjölmiðlum verði ekki lagt fram á þessu ári. Mikið verk sé enn óunnið. Frumvarpið styðjist við fjölmiðlaskýrsluna frá síðastliðnu vori. Auk þess verði haft samráð við alla flokka um frumvarpið í upphafi næsta árs. Þorgerður Katrín kveðst aftur á móti leggja áherslu á að afgreiða frumvarp um Ríkisútvarpið frá Alþingi fyrir jól. Unnið sé af fullum krafti við samningu þess, en sem kunnugt er lagði hún fram frumvarp um Ríkisútvarpið á síðasta þingi. Athugasemdir bárust frá ESA, eftirlitsstofnun EFTA, um

fyrirhugaðar breytingar á eignarformi RÚV og margvíslegar aðrar athugasemdir bárust við fyrstu gerð frumvarpsins. Mördur Árnason, þingmaður Samfylkingarinnar, segir að í menntamálanefnd bóli ekkert á gögnum frá menntamálaráðherra vegna athugasemda sem borist hafi frá Evrópustofnunum vegna rekstrarbreytinga á RÚV. Hann segir vandséð að frumvarpið verði afgreitt sem lög fyrir jól.



ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR MENNTAMÁLARÁÐHERRA Leggur ekki fram frumvarp um eignarhald á fjölmiðlum á þessu ári.

Fuglaflensufaraldurinn: Kína leitar aðstoðar WHO

KÍNA, AP Kínversk stjórnvöld greindu frá því í gær að þau hefðu leitað eftir aðstoð sérfræðinga Alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) við að rannsaka þrjú tilfelli þar sem grunur er um fuglaflensusýkingar í mönnum. Japansstjórn tilkynnti jafnframt að hún íhugaði að veita andvirði 157 milljóna króna til stofnunarinnar til að hjálpa fátækari ríkjum að berjast gegn útbreiðslu fuglaflensunnar og öðrum far-sjúkdómum. Ekkert tilfelli fuglaflensusýkingar í mönnum hefur hingað til verið staðfest í Kína en grunur leikur á að dauða tólf ára gamallar stúlku í síðasta mánuði megi rekja til hennar. Örsök andláts hennar hefur ekki fengist staðfest. Kínastjórn hefur fyrirskipað eyðingu hundraða þúsunda alifuga í héruðum í norðurhluta landsins þar sem skæðasta afbrigðis fuglaflensu, H5N1, hefur orðið vart. ■

VIKULEGAR SIGLINGAR

ATLANTSSKIP

FLYTJA VÖRUR

FRÁ EVRÓPU

Laugardagur

Kollafjörður / Færeyjar

591 3000



SPURNING DAGSINS

Eggert, á einkabíllinn fáa vini?

„Allir frambjóðendur tóku málstað einkabílsins upp á sína arma svo hann á marga og góða vini.“

Eggert Páll Ólafson, formaður samtakanna Vinir einkabílsins, bauð sig fram í sjöunda sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík en hafnaði í því tuttugusta.

Hannes Hólmsteinn:
Frávísun tekin fyrir í dag

DÓMSMÁL Krafa Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar prófessors um að dómi breskra dómstóla yfir honum verði vísað frá verður tekin fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur í dag. Jón Ólafsson at h a f n a m a ð u r höfðaði einkamál á hendur Hannesi Hólmsteini í Bretlandi eftir að sá síðarnefndi vísaði á vefsíðu sinni í orðróm þess efnis að Jón hefði komist í álnir með vafasömum hætti. Breskur dómstóll úrskurðaði að Hannes Hólmsteinn hefði gerst sekur um meiðyrði og skyldi greiða Jóni andvirði tólf milljóna króna. Hannes vill að málinu verði vísað frá á þeirri forsendu að breskir dómstólar hafi ekki lögsögu á Íslandi og hefst munnlegur málflutningur í málinu í dag.

Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Bausmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttmæmt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mættiætla.

-ritstj.

VEFSMÍÐI

Dreamweaver MX 2004

Dreamweaver er eitt vinsælasta vefsmíðafortrit á markaðnum í dag enda bæði fjölbreytt og afar einfalt í notkun. Á þessu námskeiði verður farið í helstu grunnatriði Dreamweaver og hvernig má nota það til að búa til vefsíður og halda þeim við.

Einnig verður kennd notkun margmiðlunar-efnis og javascript til að krydda vefsíður ásamt faglegri uppsetningu skráa á vefsvæði. Í lok námskeiðsins búa nemendur til fullkláraðan vef og læra hvernig á að setja vefsíður inn á Netið. Sjá nánari lýsingu á heimasíðu skólans.

Lengd námskeiðs 31 kennslustund. Kennt er mánudags- og miðvikudagskvöld frá kl 17:30 - 21:00. Hefst 14. nóv. og lýkur 30. nóv. Verð kr. 29.000,- (Kennslubók innifalin)



TÖLVUSKÓLINN

PEKING

Faxafen 10 • 108 Reykjavík • Sími: 544 2210 • www.tsk.is • skoli@tsk.is

2

FRETTABLAÐIÐ

7. nóvember 2005

MÁNUÐAGUR

NÍÐURSTAÐA PRÓFKJÖRS SJÁLFSTÆÐISFLOKKS Í REYKJAVÍK 4.-5. NÓVEMBER

FRAMBJÓÐANDI	1. SÆTI	ALLS	2. SÆTI	ALLS	3. SÆTI	ALLS	4. SÆTI	ALLS	5. SÆTI	ALLS	6. SÆTI	ALLS	7. SÆTI	ALLS	8. SÆTI	ALLS	9. SÆTI	ALLS
1 Vilhjálmur P. Vilhjálmsson	6424	6424	742	7166	676	7842	278	8120	230	8350	215	8565	168	8733	238	8971	316	9287
2 Hanna Birna Kristjánsdóttir	102	102	6290	6392	1394	7786	734	8520	424	8944	409	9353	295	9648	272	9920	222	10142
3 Gísli Marteinn Baldursson	5193	5193	732	5925	769	6694	405	7099	319	7418	306	7724	259	7983	265	8248	416	8664
4 Kjartan Magnússon	7	7	178	185	5067	5252	1012	6264	876	7140	668	7808	560	8368	572	8940	413	9353
5 Júlíus Vífill Ingvarsson	130	130	2924	3054	1334	4388	859	5247	696	5943	641	6584	528	7112	515	7627	444	8071
6 Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir	10	10	232	242	686	928	3809	4737	937	5674	955	6629	732	7361	680	8041	557	8598
7 Jörunn Frímannsdóttir	5	5	124	129	489	618	2368	2986	1054	4040	1300	5340	1082	6422	1001	7423	844	8267
8 Sif Sigfúsdóttir	5	5	109	114	272	386	451	837	1042	1879	1344	3223	1314	4537	1186	5723	984	6707
9 Bolli Thoroddsen	4	4	112	116	245	361	411	772	2317	3089	777	3866	794	4660	692	5352	748	6100
10 Marta Guðjónsdóttir	5	5	80	85	170	255	337	592	431	1023	1571	2594	815	3409	1001	4410	917	5327
11 Ragnar Sær Ragnarsson	3	3	41	44	113	157	170	327	1101	1428	585	2013	554	2567	583	3150	569	3719
12 Kristján Guðmundsson	4	4	16	20	93	113	168	281	760	1041	458	1499	544	2043	662	2705	762	3467
13 Björn Gíslason	3	3	26	29	83	112	113	225	169	394	308	702	1090	1792	540	2332	565	2897
14 Jóhann Páll Símonarson	4	4	41	45	65	110	68	178	126	304	192	496	266	762	372	1134	957	2091
15 Örn Sigurðsson	5	5	41	46	94	140	131	271	342	613	273	886	253	1139	348	1487	336	1823
16 Davíð Ólafur Ingimarsson	2	2	59	61	44	105	92	197	137	334	205	539	546	1085	363	1448	370	1818
17 Gústaf Adolf Nielsson	1	1	38	39	31	70	69	139	72	211	104	315	117	432	983	1415	225	1640
18 Loftur Már Sigurðsson	2	2	40	42	48	90	51	141	99	240	635	875	197	1072	256	1328	306	1634
19 Birgir Þór Bragason	1	1	15	16	63	79	105	184	275	459	212	671	257	928	289	1217	371	1588
20 Eggert Páll Ólafson	4	4	25	29	42	71	54	125	109	234	183	417	632	1049	234	1283	276	1559
21 Benedikt Geirsson	1	1	16	17	47	64	86	150	106	256	159	415	469	884	304	1188	296	1484
22 Steinn Kárasen	2	2	26	28	44	72	74	146	168	314	248	562	203	765	295	1060	328	1388
23 Gunnar Dofri Ólafsson	1	1	8	9	21	30	47	77	45	122	63	185	94	279	143	422	577	999
24 Guðni Þór Jónsson	2	2	5	7	30	37	28	65	85	150	109	259	151	410	126	536	121	657

Hveitibrauðsdagur Vilhjálms liðinn

Geir Haarde segir lista Sjálfstæðisflokks sigurstranglegan og vill virkja nýja flokksmenn. Stefán Jón Hafstein segir Vilhjálm fá einn hveitibrauðsdag. Stefán vill leiða jafnaðarstefnu gegn íhaldi á meðan frjálslyndir biðla til samstarfs.

PRÓFKJÖR „Stóra verkefnið núna er auðvitað kosningarnar í vor,“ segir Geir Haarde, formaður Sjálfstæðisflokksins. „Þarna er mjög sigurstranglegur listi þar sem saman fara bæði fólk með reynslu og svo nýtt fólk,“ segir Geir. Hann lýsir yfir ánægju sinni yfir því að flokkur sinn þurfi ekki á fléttulistum að halda til að tryggja kjörgengi kvenna. Svandís Svavarsdóttir, sem situr efst á lista Vinstri grænna, er ekki jafn ánægð með framgang kvenna innan Sjálfstæðisflokks. „Ef við horfum á fimm efstu sætin sjáum við bara Hönnu Birnu, enda þótt þetta hafi verið góður sigur fyrir hana,“ segir Svandís. Hún fagnar því að prófkjörinu sé lokið og að nú sé vitað við hvern sé að kljást. „Þetta var meiri peningaaustur en maður hefur áður séð í kringum kosningu á einstaklingum,“ segir Svandís. Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri segir úrslitin að mörgu leyti hafa verið fyrirsjáanleg. „Ég tel Vilhjálm vel að þessu kominn. Hann er gamall refur í þessum bransa,“ segir Steinunn og bætir við að hún vilji að það biði betri tíma að fara í rökræður við Vilhjálm. Þetta sé hans helgi og slagsmálin fái að biða. Stefán Jón Hafstein kveður nokkru fastar að orði í yfirlýsingu sem hann sendi frá sér í gær. „Fjórtaán ára forystukreppa D-listans í Reykjavík er komin á byrjunarreit.“ Stefán segir að Vilhjálmur fái aðeins einn hveitibrauðsdag. „Núna mætast gamla íhaldið og ný frjálslynd jafnaðarmannastefna sem ég verð fulltrúi fyrir,“ segir Stefán Jón.



VILHJÁLmur P. VILHJÁLmsson PEGAR ÚRSLIT NÁLGUÐUST Vilhjálmur var fagnað af stuðningsmönnum með útréttar hendur þegar ljóst var hvert stefndi á laugardagskvöldið. Fréttablaðið/ANTON

„Ég held að sjálfstæðismenn séu tiltölulega heppnir með niðurstöðu þessa prókjors,“ segir Alfreð Þorsteinsson, borgarfulltrúi Framsóknarflokksins. Hann segir að þótt vel hafi til tekið þýði það ekki endilega að flokkurinn muni ná meirihluta í kosningunum. „Ef sú staða kemur upp eftir kosningar í vor að Sjálfstæðis-

flokkurinn fái sjö fulltrúa og frjálslyndir nái inn manni tel ég góðar líkur á að Vilhjálmur geti átt gott samstarf við Frjálslynda,“ segir Ólafur F. Magnússon, Frjálslynda flokksnum. Hann kveður Vilhjálm vera yfirburðamann í borgarstjórnarflokki sjálfstæðismanna.

saj@frettabladid.is

Líkamsárás í Reykjavík:
Ráðist á pitsusendil

LÖGREGLUMÁL Tveir menn stöðvuðu pitsusendil sem var akandi í Árbænum um klukkan þrjú aðfaranótt sunnudags og réðust á hann. Meiðsl hans eru þó ekki mikil og þurfti hann ekki að leita læknaaðstoðar. Árásarmennirnir unnu einnig skemmdir á bifreið sendilsins. Að sögn lögreglunar í Reykjavík var ekki um rán að ræða og er alls óvíst að árásarmennirnir tveir hafi vitað að ökuðurinn væri pitsasendill. Lögreglunni er því hulið hvað þeim gekk til með árásinni. Árásarmennirnir hafa ekki náðst en málið er í rannsókn. Lögreglan í Reykjavík segir að talsvert hafi dregið úr því að pitsusendlar verði fyrir árásum en það var nokkuð algengt fyrir nokkrum árum.

Óhugnanlegur fundur:
Lifandi eðla í klósettinu

NOREGUR Konu sem ætlaði á salernið á heimili sínu í Björgvin brá illilega þegar hún fann 75 sentimetra langa eðlu svamlandi um í salernisskálinni. Þriggja ára sonur konunnar pusti inn á badherbergið eftir að hafa heyrt ór módur sinnar og sá hvers kyns var. „Þetta var óhugnanleg upplifun,“ sagði hann við blaðamann Bergenavisen. Úrskurður dýrafræðings um að eðlan nærðist einkum á kjöti varð ekki til að róa konuna. Hún hrósar þó eflaust happi yfir að hafa ekki verið sest á skálina og fundið eðluna læsa í sig tönnunum. Eðlur af þessari tegund geta haldið niðri í sér andanum í hálfa klukkustund og því gat þessi synt upp í klósettið. ■

Stefán Jón birtir heilsíðuauglýsingar og vill ná efsta sæti í prófkjöri:
Notar merki Samfylkingar

PRÓFKJÖR „Auglýsingin er alveg klárlega í nafni stuðningsmanna minna en ekki í nafni Samfylkingarinnar,“ segir Stefán Jón Hafstein, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar, um auglýsingu sem hann birtir nú í fjölmiðlum. Stefán leitast eftir því að verða efstur á lista Samfylkingarinnar í borgarstjórnarkosningum í vor og birtir nú auglýsingar í þeim tilgangi, en rúmir tveir mánuðir eru til prófkjors. Athygli vekur að auglýsingin er merkt Samfylkingunni. Stefán segir það hafa verið álitamál hvort merkja ætti auglýsingu eða ekki. „Þegar ég horfði á auglýsingu á merkisins þótti mér þetta líta út eins og einkaspríkl þannig að mér fannst betra að hafa merkið með,“ segir Stefán spurður um réttmæti þess að nota

merki flokksins á þennan hátt. Stefán bendir á að bæði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Össur Skarphéðinsson hafi notað merki Samfylkingarinnar á þennan hátt í formannsslagnum fyrir landsfundinn síðastliðið vor. „Mér þótti að athuguðu máli réttara að merki flokks míns kæmi fram því að ég auðvitað stend fyrir hann og mun taka þátt í prófkjöri með honum,“ segir Stefán Jón.

- saj

STEFÁN JÓN HAFSTEIN Stefán Jón hefur hafið auglýsingar og vonast til þess að ná fyrsta sæti á lista Samfylkingar í prókjöri á nýju ári. Fréttablaðið/ROBERT



„Á hverjum degi vona
ég að þetta sé dagurinn
sem þú tekur eftir mér.“

Mótframlagið þitt

GENGIÐ				
GENGI GJALDMÍÐLA 04.11.2005				
KAUP SALA				
	Bandaríkjadalur	USD	59,85	60,13
	Sterlingspund	GBP	105,7	106,22
	Evra	EUR	71,44	71,84
	Dönsk króna	DKK	9,57	9,626
	Norsk króna	NOK	9,173	9,227
	Sænsk króna	SEK	7,442	7,486
	Japanskt jen	JPY	0,5086	0,5116
SDR		XDR	86,01	86,53
Gengisvísitala krónunnar				
100,5898				
HEIMILD: Seðlabanki Íslands				

Bandaríkjaher í Írak:
Áhlaup á upp-reisnarbæ

ÍRAK, AP Fjöldi óttasleginna Íraka flúði í gær bæ í Vestur-Írak sem Bandaríkjaher sat um alla helgina, en umsátrið var liður í áhlaupi gegn uppreisnarsveitum sem taldar eru tengjast al-Kaída-hryðjuverkanetinu.

Bærinn Husabyah er við Efrat-fljót, rétt við landamærin að Sýrlandi í um 320 km fjarlægð frá Bagdad. Þar gengu bandarískir landgönguliðar hús úr húsi í leit að uppreisnarmönnum. Að sögn hershöfðingjans Stephen W. Davis var lið hans búð að kempa um helming bæjarins í gær. Um 200 meintir liðsmenn uppreisnarsveita voru teknir höndum. ■

Prír slasast í bílveltu:
Keyrði aðra bifreið út af

LÖGREGLA Þrír voru fluttir á sjúkrahús eftir að bifreið valt við Suður-landsveg um miðnætti í fyrradag. Þeir eru þó ekki taldir alvarlega slasaðir.

Tildrög slysins voru þau að ölv-aður ökumaður keyrði utan í bifreiðina svo að ökumaðurinn missti stjórn á henni og valt hún nokkrar veltur utan vegar. Sá ölv-aði missti svo sjálfur stjórn á sinni bifreið og velti henni skammt hjá en slapp þó alveg við meiðsli.

Að sögn lögreglunar í Kópavogi höfðu margir ökumenn orðið varir við glannalegt aksturslag þess ölv-aða. Hann var yfirheyrður en sleppt að því loknu. - jse

LÖGREGLUFRÉTTIR

Eldur í Hamborgarabúllunni

Eldur kom upp í steikarpönnu á Hamborgarabúllu Tómasar í Vesturbænum í gærkvöldi. Slökkviliðið kom á staðinn en þá hafði vaskur kokkur ráðið niðurlögum eldins. Slökkviliðið þurfti því aðeins að reykræsta.



Opið prófkjör 12. nóv í Smáraskóla

Kosningaskrifstofa Arnarsmára 32 sími - 822 5100 lindabents@simnet.is

Linda Bentsdóttir 1.SÆTI

Menntaskólakennarar mótmæla styttingu náms til stúdentsprófs:

Segja forsendurnar ófaglegar

MENNTAMÁL Áform um styttingu náms til stúdentsprófs eru ekki byggð á faglegum rökum heldur er ætlunin einfaldlega að spara, segja kennarar við fimm menntaskóla í Reykjavík og á Akureyri. Þeir ætla að leggja niður störf í einn tíma eftir hádegi á morgun og safnast saman við Alþingishúsið þar sem þeir munu afhenda áskorun og undirskriftalista og mótmæla styttingunni. Segja þeir hana munu skerða nám, gengisfella stúdentsprófið og veikja stöðu íslenskra nemenda.

„Það er fjarri lagi að þessi ákvörðun sé ekki byggð á fagleg-

um rökum og námið verður ekki skert,“ segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra. „Undirbúningur hefur staðið árum saman og fjölmargir fagaðilar hafa komið að því.“

Kennararnir sem um ræðir starfa við MR, Verzlunarskólann, Kvennaskólann, MS og MA en skólarnir eiga það sameiginlegt að í þeim er bekkjakerfi. Kolbrún Elfa Sigurðardóttir, talsmaður kennaranna, segir að stytting náms til stúdentsprófs muni koma sér verr í þessum skólum þar sem þeir hafi ekki það svigrúm sem nýja námsskráin gerir ráð fyrir

eins og áfangakerfið. Þorgerður Katrín segir sjálfsagt að ræða málið og reyna að koma til móts við óskir skóla með bekkjarkerfi. „En við erum einfaldlega að svara kalli tímans og vanda okkur við að færa skólakerfið fram á við.“

- bs

MENNTASKÓLINN Í REYKJAVÍK
Kennarar við MR eru meðal þeirra sem mótmæla styttingu náms til stúdentsprófs.
FRÉTTABLAÐIÐ/TEIUR



CHIRAC OG VILLEPIN Forseti og forsætisráðherra Frakklands ávörpuðu fjölmiðla fyrir framan Elysée-höll eftir fund þjóðaröryggisráðs ríkisstjórnarinnar í gærkvöldi.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stjórnin ráðþrota gagnvart óöldinni

Franska ríkisstjórnin sætir sívaxandi gagnrýni fyrir ráðaleysi gagnvart óöldinni í úthverfum Parísar og annarra helstu borga landsins. Mettjón varð í íkveikjum í fyrrinótt. Chirac forseti kallaði stjórnina á neyðarfund í gærkvöldi.

FRAKKLAND, AP Jacques Chirac Frakklandsforsetikallaðiylkilráðherra ríkisstjórnarinnar saman á bráðafund í gærkvöldi til að ræða aðgerðir til að stöðva óöldina sem magnast hefur í úthverfum Parísar og annarra helstu borga landsins í meira en viku. Óeirðaseggir og brennuvargar létu í fyrrinótt víðar til sín taka en nokkurn tímann fyrr, landshornanna á milli, og einnig inni í miðri París í fyrsta sinn. Kveikt var í um 1.300 bílum. Hálf t fjórða hundrað manna voru handteknir.

Forsetinn og ríkisstjórnin hafa sætt síaukinni gagnrýni fyrir ráðaleysi gagnvart óöldinni. Hún hófst á fimmtudaginn þarsíðasta í „vandráðaúthverfum“ norður af París, þar sem meira er um atvinnuleysi, fátækt og glæpi en

annars staðar í landinu og flestir íbúanna eru innflytjendur af norður-afrískum uppruna. Kveikjan að ofbeldisöldunni var slysadauði tveggja unglingsdregja sem héldu að lögreglan væri á hælum þeirra og reyndu að fela sig í spennistöð.

Talsmaður frönsku lögreglunnar, Patrick Hamon, sagði æ fleiri vísbendingar hafa komið fram um skipulag að baki óeirðunum. Lögregla upprætti um helgina bensínsprengjuverksmiðju í yfirgefinni byggingu í Evry suður af París. 100 íkveikjusprengrar fundust en þar af voru 50 tilbúnar til notkunar. Sex unglingar, allir múslimar undir átján ára aldri, voru handteknir á staðnum. Jean-Marie Huet, talsmaður innanríkisráðuneytisins, réð af þessu að íkveikjusprengrarnar

sem óeirðaseggirnir beittu væru „ekki búnar til í briarí af krökkum heima á baði“.

Pósthús, ráðhús, lögreglustöðvar og jafnvel barnaheimili urðu fyrir íkveikjuárásum í úthverfum allan hringinn í kringum París. Brennuvargar gerðu líka usla í borgum eins og Strassborg, Marseille og Lyon. Að sögn lögreglu kyntu eftirhermur undir útbreiðslu óeirðanna en vísbendingar voru um að skipulögð gengi samhæfðu aðgerðir sínar í æ meiri mæli. Þúsundir lögreglumanna standa nú vaktina í helstu „vandráðahverfunum“ en það virðist stöða lítið. Æ fleiri almennir borgarar voru í gær farnir að kalla eftir því að herinn yrði kallaður út til að skakka leikinn.

audunn@frettabladid.is

Lög um pyntingabann vestra: Segir Cheney vilja pyntingar

BANDARÍKIN, AP Þingmaður í öldungadeild Bandaríkjapings sagði í gær ljóst að varaforsetinn Dick Cheney vildi að leyniþjóðustan CIA mætti beita pyntingum.

Þingmaðurinn, demokratinn Richard Durbin, lét þessi orð falla í umræðum um lagafrumvarp um bann við ómannúðlegri meðferð fanga sem öldungadeildin hefur tvisvar afgreitt. Hann sagði það vera ljóst í sínum huga að Cheney „telji að CIA skuli hafa heimild til að beita fanga ómannúðlegri og grimmilegri meðferð“.

Í síðustu viku þrýsti Cheney á öldungadeildina að samþykka undanþágur fyrir CIA frá lögum.

um. ■

Sameining sveitarfélaga: Sameiningu hafnað aftur

SVEITARSTJÓRNARMÁL Sameining var felld í báðum sameiningarkosningunum sem fram fóru í laugardag. Kjósa þurfti aftur í fimm sveitarfélögum þar sem sameining var felld í kosningum 8. október.

Íbúar í Reykhólahreppi ítrekuðu vilja sinn frá fyrri kosningum og höfnuðu aftur tillögu um að sameinast Dalasýslu. Tæp sjötíu prósent kjósenda í Reykhólahreppi sögðu nei.

Íbúar í Tjörneshreppi, Skútustaðahreppi, Aðaldælahreppi og í Kelduneshreppi kusu um sameiningu við Húsvíkinga, Öxfirðinga og Raufarharhafnarbúa. Í október var tillagan felld í þessum fjórum hreppum og var niðurstaðan aftur sú sama nema í Kelduneshreppi en þar hafa íbúar fallist á sameiningu. Ekki er loku fyrir það skotið að sveitarfélögin fjögur sem samþykkt hafa sameiningu taki upp samningaviðræður að nýju.

- jse




Guðrún Arnardóttir
Náttúrufræðingur

Norður og suður!
Það liggur lægðarmiðja yfir landinu í dag og þannig verður norðaustan strekkingur vestanlands en heldur hægarí suðlæg átt austanlands. Það má reikna með snjókomu eða slyddu norðaustanlands og á vesturlandi en víðar þegar liður á daginn. Hlitin er vel yfir frostmarki sunnan- og austanlands en rétt um frostmark norðvestanlands.


HÖFUÐBORGINN
Norðaustanátt og dálítill gjóla. Yfirleitt nokkuð bjart með köflum en þó gæti dropað eitthvað seinni partinn - slydda eða snjókoma. Hliti 0 - 4 stíg.

VEÐURSPÁ

um hádegi»



» á morgun



Norðlæg átt vestanlands en suðlæg austanlands. Lítilsháttar el norðaustanlands.

» miðvikudagur



Snýst í nokkuð hvassa suðaustanátt. Rigning eða slydda syðra.

Kaupmannahöfn	11°C léttskýjað	París	13°C rigning	Algarve	16°C sk.m.köflum
Oslo	11°C léttskýjað	Berlin	12°C sk.m.köflum	Milano	18°C sk.m.köflum
Stokkholmur	13°C skýjað	Frankfurt	12°C skýjað	New York	17°C heiðskirt
Helsinki	10°C rigning	Madrid	19°C sk.m.köflum	San Francisco	16°C rigning
London	15°C sk.m.köflum	Barcelona	19°C heiðskirt	Orlando/Florida	29°C léttskýjað

* Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknúð með dropum. Hlitaölur sýna hæstu hitagildi.



Lanzarote

Sumarið 2006 er komið á vefinn okkar!
Yaiza og aðrir frábærir valkostir!



28°C hiti

...nokkrir pálmar og kaktusar,
svalandi sundlaug og sjór.

HT Bahia Blanca Rock ★★

Verð 18. júlí – 1. ágúst: **49.600,-**

m.v. 2 fullorðna og 2 börn í 2 vikur

68.200,- m.v. 2 fullorðna

Skemmtilegt og líflegt íbúðahótel á mjög góðum stað í Playa Blanca. Stutt á strönd, veitingastaði og verslanir. Góð aðstaða fyrir börn og þægilegar íbúðir.



HT Bahia Blanca Rock – íbúðir

Gestamótaka 24/7
Stroind 750 m

Aðstaða

Bar	Já
Veitingastaður	Já
Sundlaug / Garður	Já / Já
Barnalaug / Leiksvæði	Já / Já
Sólbekki / Handklæði	Já / Já
Skemmtidagskrá / Fyrir börn	Já / Nei
Heilsurækt	Nei
Aðstaða fyrir fatlaða	Samleg



ÍBÚÐIR

Rúmgóðar íbúðir m. svölum / verönd, ísskáp, síma, kaffivél og sjónvarpi. Þríf 5 daga vikunnar.

Suite Hotel Princesa Yaiza ★★★★★

Verð 6. júní – 20. júní: **68.900,-**

m.v. 2 fullorðna og 2 börn í 2 vikur

95.800,- m.v. 2 fullorðna

Yaiza er helli heimur út af fyrir sig og eitt besta hotel sem við höfum séð. Frábær aðbúnaður og alþurða þjónusta á faglegu ströndhoteli þar sem öll herbergi eru svitur og allt er eins og það á að vera.

Princesa Yaiza – svitur

Gestamótaka	24/7
Stroind	50 m
Aðstaða	
Bar	Já inn og út
Veitingastaður	Já / Já
Sundlaug / Garður	Já / Já
Barnalaug / Leiksvæði	Já / Já
Sólbekki / Handklæði	Já / Já
Skemmtidagskrá / Fyrir börn	Já / Já
Heilsurækt	Já
Tennisvöllur	Já
Fundaraðstaða	Já
Aðstaða fyrir fatlaða	Já

SVÍTUR

Lúxusherbergi með svölum, ísskáp, loftkælingu, sjónvarpi, síma, öryggishöft og vel búnum baðherbergjum. Þríf alla daga vikunnar.



SUMAR FERÐIR

– ALLTAF Á RÉTTU VERÐI



KJÖRKASSINN

Tókst þú þátt í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík?

JÁ	15,9
NEI	84,1

Parf að rannsaka betur ásakanir um fangaflug Bandaríkjamanna á Keflavíkurflugvelli?

vísir

Slagsmál í miðbænum: Fórnarlambið átti upptökin

DÓMSMÁL 28 ára manni var ekki gerð refsing fyrir að berja drukkinn mann á fertugsaldri í andlitið. Þetta var niðurstaða Héraðsdóms Reykjavíkur. Eldri maðurinn hafði veist að þeim yngri aðfaranótt sunnudags um miðjan ágúst. Sá sem barinn var hlaut glóðarauga á vinstra auga og tvo skurði í andlitið sem sauma þurfti saman. Sá yngri bar að hann hefði verið á tali við félagi sína þegar sá eldri hefði veist að þeim með ógnandi tilburðum, meðal annars rífið sig úr jakkanum. Hann hefði óttast árás og orðið fyrri til að kýla. Héraðsdómur Reykjavíkur segir ákvæði um nauðvörn ekki eiga við, en ljóst að sá eldri hafi verið ógnandi. Þar sem yngri maðurinn hefur ekki áður gerst sekur um refsiverða háttsemi var honum því ekki gerð refsing að þessu sinni. Hann þarf að greiða 102.425 krónur í málskostnað. - óká

DÓMSMÁL **Fangelsi fyrir þjófnað** Hæstiréttur hefur dæmt síbrotamann til eins árs fangelsisvistar fyrir ítrekuð þjófnaðarbrot. Braust maðurinn bæði inn í bíla og verslanir og stal þaðan verðmætum. Frá árinu 1990 til ársins 2004 hefur maðurinn samtals 25 sinnum hlotið refsisdóma fyrir brot á hegningarlögum, umferðarlögum og lögum um ávana- og fíkniefni.

ÚTSALA

TÖLVU OG SJÓNVARPS BORD MED

60%

AFSLÆTTI

www.radio.is

RADÍÓBÆR

ÁRMÚLA 38 • SÍMI 553 1133

Hvirfilbylur fer yfir Indiana og Kentucky í Bandaríkjunum:

Á þriðja tug manna fórst

BANDARÍKIN, AP Að minnsta kosti 21 maður fórst og minnst 200 slösuðust í gríðaröflugum hvirfilbyl sem fór yfir hluta miðríkja Bandaríkjaanna í gær. Leið bylsins lá um suðurhluta Indiana og hluta Kentucky um klukkan tvö í fyrrinótt að staðartíma. Því voru flestir íbúar sofandi og heyrðu ekki í viðvörðunarsírenunum sem fóru af stað um tíu mínútum áður en bylurinn skall á. Fjöldi heimila gjöreyðilagðist. Mest varð manntjónið í hjólhýsa hverfi í Evansville í Indiana. Þar fórust sautján manns. Á slóð bylsins lágu hjólhýsin og heilu íbúðarhúsin og innbú þeirra sundurtætt á við og dreif.

„Þetta skall á eins og hávaðahögg. Manni virtist það ekki standa yfir í þær 45-60 sekúndur sem það víst tók. Þá var allt hljótt aftur,“ hefur AP eftir Steve Gaiser sem býr nærri hjólhýsahverfinu. Hvirfilbylir eru skýstrokkar sem stundum myndast við viss veðurfarsskilyrði á flatlendi. Vindhraði í skýstrokknum getur náð hátt í 300 kílómetra hraða á klukkustund. ■

HARMUR Í INDIANA Systur í DeGonia Springs í Indiana hugga hver aðra yfir rústum kirkjunnar í bænum sem bylurinn eyðilagði. MYND/AP



Jarðskjálftavarnir á Indlandi:

Ragnar fer til Indlands

HAMFARAVARNIR „Við erum að fara til Indlands á laugardaginn, ég og Steinunn Jakobsdóttir samstarfskona mín,“ segir Ragnar Stefánsson jarðskjálftafræðingur. Tilgangurinn með ferðinni er að kynna jarðspárannsóknir sem farið hafa fram hér á landi ásamt því að kynnst þeim aðferðum sem indverskir vísindamenn beita í sínum rannsóknum. „Ferðin er hugsuð til þess að kanna grundvöllinn fyrir frekara samstarfi milli þjóðanna í þessum efnum,“ segir Ragnar. Það er Indlandsforseti sem býður til ferðarinnar en hann kom hingað til lands í júní. - saj

Lúðvík efstur á listanum

Lúðvík Geirsson er í efsta sæti á lista Samfylkingar í Hafnarfirði eftir prófkjör á laugardag. Ellý Erlingsdóttir er í öðru sæti. Líkur eru á að Gunnar Svavarsson, forseti bæjarstjórnar, sem tók sér baráttusætið á listanum, muni sækjast eftir þingmennsku í næstu alþingiskosningum.

PRÓFKJÖR „Ég er ákaflega ánægður með að fá sjálfur um níutíu prósent af gildum atkvæðum í fyrsta sætið. Maður getur ekkert beðið um betri stuðning,“ segir Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri í Hafnarfirði. Hann náði öruggri kosningu í fyrsta sæti á lista Samfylkingarinnar í Hafnarfirði en prófkjör var um listann á laugardaginn. Lúðvík segir Samfylkinguna



SAMFYLKING Í HAFNAFIRÐI

Niðurstaða prófkjörsins á laugardag:

- Lúðvík Geirsson**
656 atkvæði í 1. sæti.
- Ellý Erlingsdóttir**
507 atkvæði í 1. og 2. sæti.
- Guðmundur Rúnar Árnason**
396 atkvæði í 1. til 3. sæti.
- Margrét Gauja Magnúsdóttir**
295 atkvæði í 1. til 4. sæti.
- Guðfinna Guðmundsdóttir**
177 atkvæði í 1. til 5. sæti.
- Gunnar Svavarsson**
596 atkvæði í 1. til 6. sæti.
- Gísli Ósvaldur Valdímarsson**
257 atkvæði í 1. til 7. sæti.
- Eyjólfur Sæmundsson**
310 atkvæði í 1. til 8. sæti.

ætla sér að halda sínum meirihluta í Hafnarfirði í næstu kosningum og helst að bæta við hann. „Ég les út úr þessu prófkjöri eindreginn stuðning og góða sáttn um okkar störf. Þetta styrkir okkur og eflir í baráttunni sem fram undan er,“ segir bæjarstjórinn. „Það var stuttur aðdragandi að þessu prófkjöri meðal annars vegna þess að við biðum eftir niðurstöðum úr kosningu sameiningar Hafnarfjarðar við Vatnsleysuströnd sem var felld hér um daginn. Síðan var ákveðið að skella sér í þetta,“ segir Ellý Erlingsdóttir en hún situr í öðru sæti listans eftir prófkjörið. Hún kveðst vera ánægð með að tvær nýjar konur hafi komið inn á listann, þær Margrét Gauja Magnúsdóttir í fjórða sæti og Guðfinna Guðmundsdóttir í fimmta sæti, í stað tveggja kvenna sem nú hverfa af vettvanginum. „Gunnar Svavarsson er þarna í baráttusætinu og við stefnum að því að bæta enn frekar við fylgi okkar,“ segir Ellý. Lúðvík Geirsson segir um baráttusætið að tekin hafi verið ákvörðun um að Gunnar tæki þetta sæti en rætt hafi verið um að Lúðvík tæki það sjálfur. „Okkar verkefni núna er



LÚÐVÍK GEIRSSON BÆJARSTJÓRI Í HAFNAFIRÐI Lúðvík hlaut um níutíu prósent gildra atkvæða og er að vonum ánægður með niðurstöðuna. Hann kveðst ætla að leita þess að styrkja meirihluta Samfylkingarinnar í Hafnarfirði í kosningum í vor. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

það að halda áfram að tryggja meirihlutann hér í Hafnarfirði en auðvitað þurfa menn að finna trausta og öfluga kandidata inn á Alþingi þegar að því kemur,“ segir Lúðvík. Guðmundur Árni Stefánsson sendiherra, sem sat á þingi fyrir Samfylkinguna, er Hafnfirðingur. „Við eigum eftir að vinna úr þessari kosningu og koma upp listanum. Þetta er ekki bindandi

kosning að öllu leyti. Kjörnefnd var falið að gera tillögu að lista til félagsfundar og heimild til þess að færa nöfn til á listanum,“ segir Hörður Zóphaniásson, formaður kjörnefndar Samfylkingarinnar í Hafnarfirði. Hann segir þessar reglu vera öryggisventil sem tryggja eigi að hægt sé að leiðrétta stöðu kynjanna á listanum en telur ekki að breytinga gerist þörf. saj@frettabladid.is



MÝRGATA SAMKVÆMT RAMMASKIPULAGI Slippurinn vikur fyrir rólegri íbúðarbyggð en gatan sjálf verður sett í stokk.

Mýrgatan og hafnarsvæðið:

700 nýjar íbúðir

SKIPULAGSMÁL Um 700 íbúðir munu rísa frá slippsvæðinu við Mýrargötuna í vestri til nýs tónlistar- og ráðstefnuhúss í austri á næstu fimm árum að sögn Dags B. Eggertssonar, formanns skipulagráðs Reykjavíkurborgar. „Þetta mat byggir á þeim skipulagsáætlunum sem við höfum fyrir okkur; lykilverkefnum sem eru ýmist á lokastigi eða í undirbúningi.“ Að sögn Dags mun Mýrargatan og hafnarsvæðið í heild sinni ganga í endurnýjun lífdaga. Þegar liggur fyrir rammaskipulag og deiliskipulag er um það bil að fara í auglýsingu. „Þar mun slippurinn víkja fyrir þriggja til fimm hæða íbúðarbyggð sem tengir hafnarsvæðið við gamla vesturbæinn.

Gatan fer í stokk og í staðinn verður róleg íbúðargata en fremst við höfnina sjáum við fyrir okkur lifandi hafnarbakka, með veitingastöðum, útivistarsvæðum og torgum.“ Dagur segir að áætlanir geri ráð fyrir að fólk geti flutt inn í íbúðir á þessu svæði um 2010, jafnvel mun fyrr þar sem fyrst verður hafist handa. Ekki er gert ráð fyrir að Geirsgatan fari í stokk. Í vinningstillögunni um byggingu tónlistar- og ráðstefnuhúss er gert ráð fyrir bjartri göngugötu undir henni sem tengi Austurhöfnina við miðborgina. „Þetta verður ein kraftmesta vítamínsprauta sem miðbærinn hefur fengið í jafnvel allri sögu borgarinnar,“ segir Dagur. - bs

Tvö innbrot í Reykjavík:

Ölvaðir innbrotsmenn

LÖGREGLUMÁL Ungur maður var handtekinn þar sem hann var kominn inn í sameign í fjölbýlishúsi í miðborg Reykjavíkur um klukkan sex í gærmorgun. Hann var svo ölvaður að hann gat ekki gert grein fyrir sér eða ferðum sínum. Fékk hann því að gista fangaklefa lögreglunar og var svo yfirheyrður þegar ástand hans skánaði. Fimmtugur maður var einnig handtekinn þar sem hann hafði komið sér inn í atvinnuhúsnæði í Höfðahverfinu. Hann var einnig ölvaður og hafði komið á bíl og er því einnig sakaður um ölvunaraktstur. -jse

Nýjung í hrossarækt:

Gæðingurinn klónaður

AUSTURRÍKI, AP Austurríski hestaráktandinn Hugo Simon hefur greint frá því að verið sé að klóna verðlaunagæðinginn hans E.T. „Ég vildi varðveita genin hans. Þetta er bara gert í hrossaræktartilraunaskyni,“ sagði hann á hestamannamóti í Vínarborg. Frumur úr húð E.T. voru klónaðar á tilraunastofu í Frakklandi fyrir nokkrum vikum, að sögn Simons, og væntir hann þess að E.T. yngri komi í heiminn næsta sumar. ■

Úrval Fiskrétta

Steinbítur
að hætti Rúnars
í kryddjurta- og sítrónulegi
með fersku grænmeti

40%
afsláttur

TILBOÐ

890 kr/kg

Verð áður 1.499,-

Rúnar Gíslason

Matreiðslumeistari og sjónvarps-
kokkur, kokkarnir.is

Úrval rétta í fisk- og kjötborði

Kjöt & fisktorgið



Ýsa í malasiukarri
- frábær og ferskur réttur með kókosangan



Ýsa með aspasostafyllingu
- gamalgróinn og sívinsæll réttur



Ýsu tortillur
- gott að hafa ferskt salat og guacamole með



Kjötfars
- beint úr kjötborði

TILBOÐ

349 kr/kg

Verð áður 498,-

Gildir 7. nóvember eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Hetjur óskast

Á Íslandi eru um 9000 reglulegir blóðgjafar.

Við þurfum fleiri til að geta brugðist við alvarlegum slysum, náttúruhamförum eða öðru neyðarástandi. Við skorum á þig að koma og gefa blóð. Taktu með þér vin, vinnufélaga eða ættingja og gerðu heimsókn í Blóðbankann að fastri venju.

Við bjóðum öllum upp á hressingu og þeir sem gefa blóð fyrir 15. nóvember geta átt von á veglegum vinningi - því fleiri vini sem þú tekur með því meiri möguleikar.

Vertu hetja - gefðu blóð!

Bruggverksmiðja rís á Litla-Árskógssandi í Eyjafirði:

Öl að evrópskri fyrirmynd

ÁFENGI Hjónin Agnes Sigurðardóttir og Ólafur Þróstur Ólafsson á Árskógssandi í Eyjafirði hyggjast reisa bruggverksmiðju í þorpinu í upphafi nýs árs og mun verksmiðjan skapa fimm ný störf í byggðarlaginu. Í verksmiðjunni verður framleiddur áfengur bjór að evrópskri fyrirmynd og stefna þau á 200 þúsund lítra ársframleiðslu eftir tvö ár.

Agnes og Ólafur hafa undanfarin fimmten ár rekið einu matvöruverslunina sem starfrækt er á Árskógssandi en bruggverksmiðjan verður í 300 fermetra nýbyggingu á lóð við hlið verslunarinnar. Ætla þau að breyta

versluninni og reka þar einnig litla sveitakrá árið um kring og segir Agnes að vel hafi gengið að fjarmagna viðskiptahugmyndina.

„Kostnaðaráætlun hljóðar upp á um sextíu milljónir króna en auk okkar koma fjölskyldur beggja að fjármögnun, ásamt bankastofnun og nokkrum einstaklingum. Á næstu dögum förum við til Tékklands til að festa kaup á búnaði til framleiðslunnar en bjórinn kemur á markað næsta sumar og reiknum við með að hann fari í dreifingu hjá ÁTVR,“ segir Agnes.

- kk



AGNES SIGURÐARDÓTTIR Bruggverksmiðjan hefur hlotið nafnið Bruggsmiðjan en ekki er komið nafn á bjórinn. Stefnt er að hágæðaframleiðslu og segir Agnes að dekræð verði við bjórinn á framleiðslustigum hans.

FRÉTTABLAÐIÐ/KK

Starfsmannahald varnarliðsins verður að fara eftir leikreglum:

RSÍ hefur sigur í Hæstarétti

DÓMSMÁL Á fimmtudaginn staðfesti Hæstiréttur dóm Héraðsdóms um að Starfsmannahald varnarliðsins gæti ekki upp á sitt eindæmi skert launakjör félagsmanna Rafiðnaðarsambands Íslands á Keflavíkurflugvelli.

Haustið 2003 hafði það ákveðið að fella niður greiðslur á rútugjaldi hjá 35 félagsmönnum RSÍ og um leið skert greiðslur vegna ferðatíma. Þessu mótmælti RSÍ eindregið og benti á að það væri Kaupskrárnefnd sem ein hefði ákvörðunarvald til að úrskurda um launakjör á vallasvæðinu.

Samkvæmt dómnum eiga starfsmennirnir inni vangreidd laun í tvö ár sem nema nokkur hundruð þúsundum og í allt með vöxtum tæplega fjörutíu milljónir króna.

Guðmundur Gunnarsson, for-

maður RSÍ, segir það vera súrt í broti að þurfa fara í mál vegna atriða sem liggja í augum uppi. „Þegar laun félagsmanna úti á hinum almenna markaði breytast skrifum við bréf til Kaupskrárnefndar og óskum eftir sömu breytingum,“ útskýrir Guðmundur. „Þegar þeir vilja skerða launakjör starfsmanna vallasvæðisins verða þeir að fara eftir sömu leikreglum,“ bætir hann við og nú hefur Hæstiréttur staðfest það.

- fgg



GUÐMUNDUR GUNNARSSON Formaður Rafiðnaðarsambandsins segir það súrt í broti að þurfa fara í mál vegna hluta sem liggja í augum uppi.

FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT



„Það kemur ekkert fyrir barnið mitt“

Til allrar hamingju eru flest slys minniháttar en því miður verða þó stundum alvarleg slys. Einn öruggasti stuðningurinn sem þú getur veitt þínu barni er með UPR-barnatryggingu Allianz. UPR-barnaslysatrygging Allianz er slysatrygging fyrir barnið þitt til 18 ára aldurs og um leið sparnaður, því iðgjaldið er endurgreitt við 25 ára aldur ásamt tryggðri ávöxtun. Allianz ábyrgist þetta í samræmi við þýsk lög.

BARNATRYGGINGAR

Skaftahlíð 24 | Sími 595 3300 | allianz@allianz.is | www.allianz.is

Allianz

BLÓÐBANKINN

Sjáumst!

og

vodafone

Heyrumst!

EIGUM ALLTAF



Bílaþing Heklu er rétti staðurinn til að finna góðan notaðan Volkswagen



VW Touran FSI beinsk.
árg. 04 ek. 23.000
verð 2.090.000 kr.



VW Golf 4Motion Highline 2,0 beinsk. árg. 03 ek. 59.000
verð 1.730.000 kr.



VW Golf Trendline 1,6 beinsk.
árg. 04 ek. 34.000
verð 1.630.000 kr.



VW Bora Highline 1,6 beinsk.
árg. 04 ek. 20.000
verð 1.790.000 kr.



VW Passat 1,8 T sjálfsk.
árg. 02 ek. 46.000
verð 1.990.000 kr.



VW Passat 4Motion beinsk.
árg. 02 ek. 83.000
verð 1.690.000 kr.



VW Passat 2,0 sjálfsk.
árg. 05 ek. 14.000
verð 2.550.000 kr.



VW Polo Basicline 1,2 beinsk.
árg. 04 ek. 35.000
verð 1.160.000 kr.



VW Passat Highline 2,0 beinsk.
árg. 05 ek. 6.500
verð 2.990.000 kr.



VW Polo Basicline 1,2 beinsk.
árg. 04 ek. 38.000
verð 1.090.000 kr.



VW Bjalla beinsk.
árg. 01 ek. 82.000
verð 1.250.000 kr.



VW Golf 2,0 Sport sjálfsk.
árg. 04 ek. 17.000
verð 2.740.000 kr.

Opið mánudaga til föstudaga 10–18 • Laugardaga 12–16

Laugavegi 174 | sími 590 5000 | Kletthálsi 11 | sími 590 5760 | www.bilathing.is



www.bilathing.is
bilathing@hekla.is

BÍLAÞING HEKLU
Númer eitt í notuðum bílum

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnes, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666 · HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjaneshæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Kletthálsi 11, sími 590 5760
www.hekla.is, hekla@hekla.is



KYNNINGARFUNDUR
um fjarnám og háskólanám
með vinnu í tölvunarfræði

Miðvikudaginn 9. nóvember kl. 17:00
á þriðju hæð Háskólans í Reykjavík, Ofanleiti 2

Fjarnám í tölvunarfræði er hannað fyrir þá sem vilja stunda fullgilt háskólanám samhliða vinnu hvar sem er á landinu. Þannig skapast möguleikar á spennandi störfum sem tengjast tölvum og upplýsingatækni. Námið er fyrir fólk sem hefur lokið stúdentsprófi eða hefur sambærilega menntun og reynslu sem nýtist í náminu.

Námið er tekið á hálfum hraða og tekur nám til kerfisgráðu (60 einingar) 4 ár. Nemendur geta bætt við sig 30 einingum og lokið BSc prófi í tölvunarfræði.

Háskólanám með vinnu er sérsníðið fyrir þá sem hafa ekki möguleika á að stunda staðarnám (t.d. vegna vinnu) en vilja taka námið á meiri hraða en gert er í fjarnámi. Nemendur geta ákveðið síðar að ljúka BS-gráðu (90 einingar) í hefðbundnu námi. Í HMV eru þrjár annir á hverju ári, vorönn, sumarönn (frí í júlí og ágúst) og haustönn. Nemendur ljúka sex til níu einingum á haust- og vorönn og sex einingum á sumarönn.

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

OFANLEITI 2, 103 REYKJAVÍK • HÖFÐABAKKA 9, 110 REYKJAVÍK
SÍMI: 599 6200 www.ru.is



NAVISION
SMALL BUSINESS

Það þarf ekki að kosta mikið að verða stór

Navision Small Business er viðskiptahugbúnaður sem getur vaxið og þróast með fyrirtæki þínu. Ef fyrirtækið þitt stækkar og stækkar, getur Navision Small Business orðið Navision Big Business! Taktu rétta ákvörðun strax. Veldu Navision Small Business.

Nú á aðeins kr. 115.038

Nú getur þú tryggt þér öruggan og hnökralausan aðgang að fjárhags- og viðskiptaupplýsingum fyrirtækisins í eitt skipti fyrir öll. Það gerir þú með Navision Small Business.

Hafðu samband núna!

Hringdu í síma 550-9000 og fáðu rétту lausnina fyrir þitt fyrirtæki



Landsteinar Strengur

Ármúla 7 | 108 Reykjavík | www.landsteinarstrengur.is

Microsoft
GOLD CERTIFIED
Partner

Fíkniefnamál í fyrriðnótt:

Tólf piltar handteknir

LÖGREGLUMÁL Alls voru tólf piltar á aldrinum fimmtán til átján ára handteknir vegna fíkniefnamála aðfaranótt sunnudags. Tvö fíkniefnamál komu upp á Akureyri. Í því fyrri var ökumaður með þrjá farþega stöðvaður við eftirlit um miðnætti. Við leit í bifreiðinni fannst nokkuð magn af hassi og amfetamíni.

Um klukkan þrjú handtóku lögreglumenn þar í bæ svo fjóra piltar sem voru að neyta fíkniefna í heimahúsi. Þar fundust einnig hass og amfetamín.

Í Keflavík voru fjórir piltar handteknir eftir að maríjúana fannst í bifreið sem þeir voru í.

Á Akureyri var í nógu að snúast



LÖGREGLAN Alls handtók lögreglan á Akureyri og í Keflavík tólf piltar á aldrinum fimmtán til átján ára í fyrriðnótt. Myndin er úr safni.

fyrir lögreglumenn. Þurftu þeir að hafa afskipti að sex líkamsárásarmönnum en þó urðu engin veruleg meiðsl á fórnarlömbum og enginn var handtekinn vegna þessa. - jse



Á **TALI** Matthias Platzeck, verðandi formaður þýska jafnaðarmannaflokksins SPD, talar í farsíma þar sem flokksforstnan fundaði í gær um stjórnarmyndunina.

FRÉTTABLAÐID/AP

Jafnaðarmenn sýni sáttfýsi

Mikil spenna ríkir í stjórnarmyndunarviðræðum stóru flokkanna í Þýskalandi. Til stendur að ljúka viðræðum í þessari viku ef málamiðlun næst.

ÞÝSKALAND, AP Mikil spenna ríkir nú í stjórnarmyndunarviðræðum stóru flokkanna í Þýskalandi, Kristilegra demókrata og Jafnaðarmanna, en til stendur að ljúka þeim í þessari viku. Einn helsti framamaður kristilegra demókrata sagði í blaðaviðtali í gær að jafnaðarmenn yrðu að sýna meiri sveigjanleika í samningunum, ekki síst á sviði atvinnu- og heilbrigðismála, ef saman ætti að nást.

„Ef SPD [Jafnaðarmannaflokkurinn] hreyfir sig ekki í átt til okkar í heilbrigðismálum og rígheldur í atvinnumálastefnu sína mun reynast erfitt að ná málamiðlun,“ hefur dagblaðið Tagesspiegel eftir Roland Koch, forsætisráðherra sambandslandsins Hessen, en hann er kristilegur demókrati sem hefur metnað til

að sækjast eftir formennskunni í flokknum næst þegar færi gefst. „Þetta eru mál sem hafa gríðarlega mikið að segja fyrir nútímavæðingu Þýskalands og sköpun nýrra starfa, en einnig fyrir pólitískan prófíl hinnar væntanlegu ríkisstjórnar Angelu Merkel,“ sagði Koch.

Forystumenn SPD, þar á meðal Gerhard Schröder fráfarandi kanslari, Franz Müntefering fráfarandi formaður og Matthias Platzeck, verðandi formaður, sátu í gær á rökstólum um stjórnarmyndunina á eyinni Hermannswerder við Potsdam, rétt utan við Berlín. Í ljósi þess að fjárlagahalli og hagvaxtarstöðnun krefst mikilla aðhaldsaðgerða af hálfu nýju stjórnarinnar, sagði Platzeck í samtali við Bild am Sonntag. „Mitt mottó er: harka en sanngirni.“ - aa

Kosningar í Aserbaídsjan:

Vonir um umbætur

ASERBAÍDSJAN, AP Forseti Aserbaídsjans hét því í gær, er kjósendur þessa olíuríka fyrrverandi Sovétlýðveldi gengu að kjörborðinu í þingskosningum, að frekari lýðræðisumbætur myndu fylgja í kjölfar kosninganna. Pólitískir andstæðingar forsetans gáfu hins vegar í skyn að brögð væru í tafla sem græfu undan trúverðuleika úrslita þingskosninganna.

Hundruð erlendra eftirlitsmanna eru í Aserbaídsjan til að fylgjast með framkvæmd kosninganna, en misbrestur hefur verið á því að kosningar sem fram hafa farið í landinu til þessa uppfylltu viðurkennda lýðræðisstaðla. Stjórnarandstæðingar saka liðsmenn forsetans, İlham Aliyevs, um að misbeita valdi sem



Á **KJÖRSTAÐ** Eiginkona Aserbaídsjanforseta, Mehriban Aliyeva, kys í Bakú í gær.

FRÉTTABLAÐID/AP

meðal annars hafi orðið til þess að fjórðungur þeirra sem upprunalega buðu sig fram til þings drögu framboð sitt til baka.

- aa



að Stefán Jón Hafstein verði næsti borgarstjóri

Stefán Jón Hafstein hlaut glæsilega kosningu í efsta sæti Samfylkingar í prófkjöri fyrir síðustu kosningar.

Samfylkingin efnir til opins prófkjors í febrúar.

Allir Reykvíkingar geta tekið þátt í vali á borgarstjóraefni jafnaðarmanna og félagshyggjufólks.

Stefán Jón: Áfram númer eitt!

Sigur í vor tryggir að sóknarfæri Reykjavíkur verða nýtt til hins ítrasta fyrir fólkið í borginni.

Stefán Jón Hafstein hefur fréttasiðuna: www.stefanjon.co.is. Fylgist með á www.samfylking.is og www.sffr.is sem er síða Samfylkingarfólks í Reykjavík.





SÓLIN SEST Í AUSTRI Allir vita að sólin kemur upp í austri en hún á það til að setjast þar líka. Sólsetrið í Bangkok í Taílandi er í það minnsta ægífagurt en þar sest sólin um svipað leyti og hún kemur upp hér á landi um þessar mundir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Könnun ASÍ á verði lausasölulyfja í tíu apótekum:

Allt að 70 prósentu verðmunur

VERÐKÖNNUN Allt að því sjötíu prósentu verðmunur er á lyfjum sem fást í lausasölu og er verðmunurinn oftast um þrjátíu prósent, samkvæmt nýrri könnun sem verðlagseftirlit Alþýðusambands Íslands lét gera.

Kannað var verð á 29 tegundum algengra lausasölulyfja og reyndist vera nær þriðjungsmunur á verði í tuttugu tilfellum.



LYF Í LAUSASÖLU Samkvæmt verðkönnun verðlagseftirlits ASÍ var dýrasta apótekið Lyf og heilsa við Melhaga.

Lyfjaver við Suðurlandsbraut reyndist oftast vera með lægsta verðið, eða í 23 tilvikum af 29, en Lyf og heilsa við Melhaga var oftast með hæsta verðið, eða í átján tilvikum.

Mestur verðmunur í könnuninni var á þrjátíu töflum af Paratabs sem voru dýrastar í Lyfju þar sem þær kostuðu 332 krónur en ódýrastar í Lyfjaveri þar sem þær kostuðu 195 krónur. Munurinn er rúmlega sjötíu pró-

sent. Einnig var mikill verðmunur á Otrivin unkonservet nefúða, eða um 55 prósent. Nefúðinn var dýrastur í Lyfjum og heilsu og Skipholtsapóteki en ódýrastur í Lyfjaveri.

Í síðustu verðkönnun verðlagseftirlitsins á lausasölulyfjum í apríl var verð á þrettán af þeim lyfjum sem könnuð voru nú einnig skoðað. Verð þessara þrettán lyfja hefur að meðaltali lækkað um 1,7 prósent frá þeim tíma.

Könnunin var gerð í tíu apótekum. Eitt apótek neitaði þátttöku í könnuninni, Laugarnesapótek við Kirkjuteig.

- sda

Hinrik prins:

Gefur út matreiðslubók

DANMÖRK Gleði fyrir góminn kallast ný bók eftir Hinrik prins. Þetta er þriðja matreiðslubók prinsins og hefur að geyma 85 uppskriftir.

Hinrik er þekktur sælkeri enda franskur vínbóndi að upplagi. Haft er eftir honum í Berlinske Tidende að það að borða góðan mat sé með mestu gleðistundum lífsins. Danir hafi áttað sig á því enda hefur mataráhugi þeirra aukist mikið frá því að hann kom til landsins fyrir 38 árum. Hinrik leggur í bókinni mikið upp úr óhefðbundnum kryddum sem hann ræktar sjálfur. ■

Bandaríkjaþing ákveður að taka nýjar olíulindir í notkun:

Hyggjast bora eftir olíu á friðlýstu svæði í Alaska

WASHINGTON, AP Öldungadeild Bandaríkjaþings hefur ákveðið að heimila olíuvinnslu á friðlýstu náttúruverndarsvæði í Alaska. Olían verður eingöngu seld á innanlandsmarkaði.

Mjótt var á mununum í öldungadeildinni á fimmtudagskvöldið, 51 þingmaður var því fylgjandi að heimila útboð á olíuvinnsluleyfum á svonefndu Norðurskaufriðlandi í Alaska en 48 voru því andvígir. Þingið ákvað jafnframt að öll olían skyldi seld á heimamarkaði.

George W. Bush forseti hefur lengi barist fyrir opnun svæðisins en það hefur verið friðlýst í 44 ár. Hann var því kampakátur þegar honum voru færð tíðindin á fund leiðtoga Ameríkuríkja í Argentínu. „Með því að auka framleiðslu okkar getum við lækkað verð á olíu umtalsvert.“ Bush kvaðst að auki þess fullviss að vinna mætti olíuna á umhverfisvænan hátt.

Maria Cantwell, öldungadeildarþingmaður demókrata, sagði ákvörðunina hins vegar gagnslausa brellu. „Að nota klækja-brögð til að eyðileggja síðasta ósnortna víðerni Bandaríkjanna mun hvorki leysa orkuvanda þjóðarinnar né lækka olíuverð.“

Talið er að dæla megi upp 10,5 milljörðum fata af olíu úr lind-



FRÁ ALASKA Sauðnaut og ísbirnir eru á meðal þeirra dýra sem búa á svæðinu þar sem olíuvinnslan er fyrirhuguð. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

unum á norðurskaufriðlandinu en það magn dygði Bandaríkjamönnum í hálf tann ári. Vistkerfi svæðisins eru hins vegar

viðkvæm fyrir slíkri vinnslu en þar eru heimkynni hjartardýra, ísbjarna og sauðnauta, auk fugla af ýmsum tegundum. - shg



Árás á kvenna-klósetti

Ókunnugur maður kýldi Steinunni

Þorir þegar aðrir þegja!

Takið vel á móti fermingarbörnum



Þau safna fyrir Hjálparstarf kirkjunnar 7. nóvember



Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Skilorð fyrir fíkniefnabrot:

Dæmdur fyrir vörslu eiturylfja

DÓMSMÁL 23 ára karlmaður hefur verið dæmdur í þriggja mánaða fangelsi fyrir fíkniefnalagabrot. Refsingin er skilorðsbundin í tvö ár og fellur niður að þeim tíma liðnum, brjóti hann ekki af sér aftur. Dómurinn var kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Við leit á heimili mannsins í vor fann lögregla 11,5 grömm af amfetamíni, 97,3 grömm af hassi, 16,6 grömm af maríjúana, smáræði af tóbaksblönduðu kannabísi, 56 e-töflur og tólf amfetamíntöflur.

Maðurinn játaði að eiga efnin en kvað þau til eigin nota, ekki til sölu. Dómurinn taldi ekki lögfulla sönnun á að maðurinn væri eiturylfjasali, þrátt fyrir upplýsingar um að slík sala væri stunduð frá húsínu, efnunum væri pakkað í smærri pakkningar og að upptæk var gerð á staðnum grammatvög af gerðinni Point scale 5,0.

- óká

PAKISTAN

Sextíu drukknir í ferjuslysi Yfirfullri farþegaferju hvolfði á Indusfljóti, nærri borginni Thatta í suðurhluta landsins, með þeim afleiðingum að í það minnsta sextíu manns drukkuðu. Áttatíu manns voru um borð en fólkið var á leið til helgidóms í nágrenninu að fagna lokum föstumánaðarinnar Ramadan.

Aðventan hafin í Danmörku:

Dreifing hafin á jólabjórnnum

ÁFENG! Það er löng hefð fyrir því í Danmörku að dreifa jólabjórnnum á bari í byrjun nóvember.

Tuborg-bjórframleiðandinn hélt í þessa hefð á föstudagskvöldið. Tveggja hæða strætó keyrði þá um götur Kaupmannahafnar og gaf vegfarendum smakk af nýbrugguðum jólabjór þessa árs.

Fyrir nokkrum árum var jólabjórinn alltaf kynntur á miðvikudagskvöldum. Tekið var fyrir það þegar samtök verslunarskólanna köfðust þess árið 1999 að veisluhöldunum yrði frestað fram á föstudag. Helsta ástæða nemanna var að það reyndist mörgum erfitt að mæta í skólann daginn eftir. ■



TUBORG KEYRIR ÚT BJÓRINN

Vegegerðin framlengir flugsamninga:

Nýtt útboð um innanlandsflug á næsta ári

SAMGÖNGUR „Þetta er eina leiðin sem hægt var að fara,“ segir Jón Rögnvaldsson vegamálastjóri en Vegagerðin hefur ákveðið að framlengja samninga sína um áætlunarflug innanlands við bæði Íslandsflug og Landsflug til eins árs, eftir að kærunefnd útboðsgagna komst að þeirri niðurstöðu að útboðsgögn fyrir áætlunarflug innanlands hefði verið óskýr.

„Þetta er bráðabirgðaniðurstaða en þar sem útboðsferlið tekur langan tíma urðum við að fara þessa leið,“ útskýrir hann.

Í sumar var áætlunarflug innanlands boðið út og skiluðu fimm flugfélög inn tilboðum. Flugfélag Íslands reyndist hafa lægsta tilboðið en það hljómaði upp á fjórðung af áætlðuð kostnaðarverði. Í ljós kom að Flugfélag Ísland taldi sig vera að bjóða til eins árs en ekki þriggja eins og gert var ráð fyrir í útboðslýsingu. Var útboðið kært og kærunefnd útboðsmála komst að því að útboðsgögnin hefðu verið óskýr og hætta á misskilningi hefði skapast. Útboðið var því úrskurðað ógilt og verður flugið boðið út aftur á næsta ári.

- fgg



JÓN RÖGNVALDSSON Vegagerðin hefur framlengt samninga um áætlunarflug innanlands, þar til hægt að bjóða flugið út aftur.



Hver kallar köttinn sinn Snata?

Við sumum spurningum fást bara engin svör.

Óhöpp henda okkur og við því er ekkert að gera.

En þú getur brugðist við strax með því að tryggja hjá tryggingarfélagi sem gefur þér skýr svör og leggur áherslu á hraðvirkan frágang tjónamála.

Þú átt kannski kunningja sem er öðruvísi en fólk er flest. Honum gæti alveg dottið í hug að fá sér kött og kalla hann Snata. Grunlaus skokkar þú í heimsókn með hundinn þinn og allt fer í háaloft. Þegar hundurinn þinn lendir í slysi er gott að vera rétt tryggður. Gæludýratrygging TM er ekki flókinn hlutur og það tekur enga stund að ganga frá henni.

Gæludýratryggingar TM skiptast í fjóra þætti: Ábyrgðartryggingu, Sjúkrakostnaðartryggingu, Gæslutryggingu og Líf- og heilsutryggingu.

Dæmi um hvað Sjúkrakostnaðartrygging TM bætir:

- // Útgjöld til dýralækna eða dýraspítala vegna skoðunar og meðferðar á gæludýrinu þínu færðu bætt.
- // Tannviðgerðir vegna slysa eru bættar.
- // Útgjöld vegna læknisrannsóknar á dýrinu eru bætt, s.s. fyrir röntgenmyndir, línurit og rannsóknir á vefjum og öðrum sýnum. Sama á við um lyf sem gæludýrið fær við skoðun eða meðferð.

Dæmi um hvað Sjúkrakostnaðartrygging TM bætir ekki:

- // Kostnaður vegna geldingar dýrs, ófrjósemisaðgerðar eða fæðingar afkvæma fæst ekki bættur.
- // Meðferð vegna slysa eða sjúkdóma sem hafa komið upp áður en tryggingin gekk í gildi fæst ekki bætt. Sama má segja um meðferð vegna meðfæddra og arfgengra kvilla svo og sjúkdóma sem koma upp innan 14 daga frá gildistöku tryggingarinnar.
- // Kostnaður vegna almennra skoðanna, bólusetninga og meðferða til að fyrirbyggja eða lækna afleiðingar orma fæst ekki bættur.

Gæludýratrygging TM

TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN / Sími 515 2000 / tm@tryggingamidstodin.is



Það er góð regla að lesa vel tryggingaskilmálana, þeir eru sá grundvöllur sem samskipti þín og TM byggjast á. Hringdu í síma **515 2000** eða farðu á **www.tryggingamidstodin.is** og fáðu skýr svör.

Humar

1.290, kr/kg

Ótrúlega gott verð á fínum humri.



Gnóðarvogi 44, sími 598 8686




Höfðabakka 1 - sími 587 50 70

„Það eina sem ég get gert er að bíða, en vona virkilega að þú munir uppgötva sem fyrst að við eigum saman.“

Mótframlagið þitt

SVONA ERUM VIÐ

Fjöldi skráðra fyrirtækja í smábátaútgerð



Heimild: Hagstofa Íslands

baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL GREINING: MÚSLIMAR Í FRAKKLANDI

Arfleifð nýlenduveldis Frakka

Um tíundi hver borgari Frakklands, alls um fimm og hálf milljón manna, er múslimi. Óeirðir síðustu daga í úthverfum Parísar og fleiri franskra borga, þar sem stór hluti þessa fólks býr, hafa beint athygli umheimsins að þessum hluta franskis þjóðfélags.

Hvaðan koma múslimar Frakklands?

Flestir eru múslimar Frakklands ættaðir frá fyrrverandi nýlendum Frakka í norðanverðri Afríku. Um fjórði hver franskur múslimi á ættir að rekja til Alsír, sem Frakkar gerðu að nýlendu sinni á fjórða áratug nítjándu aldar. Áætlað er að fjöldi múslima í Frakklandi sé nú á bilinu fimm til sex milljónir. Engar nákvæmar tölur eru til þar sem frönsk yfirvöld skrá ekki fólk eftir trúarbrögðum. Að öllum meðtöldum, einkum ólöglegum innflytjendum, er nær að ætla að heildarfjöldi múslima í landinu sé allt að átta milljónum.

Aðlagast þeir?

Fyrsta kynslóð norður-afrískra múslima sem flutti til Frakklands eftir stríð leit í flestum tilvikum ekki á sig sem innflytjendur, né gerðu frönsk yfirvöld eða atvinnurekendur það. Þessir „gestaverkamenn“ áttu gjarnan fjölskyldu í upprunalandinu og héldu nánum tengslum við það. Árið 1974 breyttu stjórnvöld um stefnu og fjöl-



skyldur „gestaverkamannanna“ fluttu til Frakklands. Næsta kynslóð er í flestum tilvikum fædd í Frakklandi og þar með franskir ríkisborgarar með þverrandi tengsl við land forfeðranna.

Á bilinu 1.500-1.600 moskur eru starfræktar í Frakklandi. Margir bænaformenn, imamar, eru menntaðir í islömskum fræðum í arabalöndum og boða Kóranstúlkun sem samræmist engan veginn gildum upplýsingarinnar og hins frjálslynda franska lýðræðis. Allmargir af yngri kynslóð franskra múslima vilja sem minnst af trúariðkun áanna vita en eiga samt erfitt með að aðlagast frönsku samfélagi. Margir eru líka mjög opnir fyrir boðskap róttækra múslimaklerka. Þéttust er byggð arabískættaðra múslima í Seine-Saint-Denis-sýslu norður af París. Þar er atvinnuleysi um þrjátíu prósent og glæpatíðni há, einkum tengd eiturlyfjum. Um helmingur allra dæmdra tugthúsliða í Frakklandi mun vera ungir múslimar.



FORNT KIRKJUGÓLF Fangar í Megiddo-fangelsinu í norðanverðu Ísrael, nærri bíblíusögu-staðnum Armageddon, sópa í gær sandi af mósaikgólfi úr kristinni kirkju frá þriðju til fjórðu öld. Fornleifafræðingar segja þetta geta verið elstu kirkjúrústírnar sem fundist hafa í Landinu helga.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Franska úthverfastríðið nær nýjum hæðum

Óeirðaalda síðustu daga í úthverfum norður af París og víðar í Frakklandi hafa varpað kastljósinu að miklum vanda sem hver ríkisstjórnin af fætur annarri hefur hummað fram af sér að taka á. Innanríkisráðherrann Nicolas Sarkozy segir þá innflytjenda-aðlögunarstefnu sem fylgt hefur verið til þessa hafa beðið skipbrot.

„Í Clichy-sous-Bois er borgarastríð í gangi,“ sagði Michel Thooris, talsmaður verkálýðsfélags franskra lögreglumanna, CTFC, þegar óeirðirnar í þessu úthverfi Parísar höfðu staðið í þrjár nætur í röð. Þær hafa nú staðið í ellefu nætur í röð og breiðt út til ótal slíkra úthverfa franskra stórborga, þar sem flestir íbúanna eru innflytjendur frá múslimalöndum í fyrstu, annarri og þriðju kynslóð. Alls eru franskir múslimar um fimm milljónir.

Það sem hrinti óeirðaöldinni af stað var slysadauði tveggja unglingsdregja í Clichy-sous-Bois, sem földu sig í spennistöð jarðlestarstöðvar, að því er virðist vegna þess að þeir töldu lögregluna vera á hælum sér. Atvikið kynti undir reiði atvinnulausra innflytjendungmenna í garð lögreglunnar og yfirvalda almennt og þar með var fjandinn laus.

Óeirðir af þessu tagi í „vand-ræðaúthverfunum“ eru reynar ekki nýjar af nálinni. Þær hafa ítrekað blossað upp frá því á níunda áratugnum. Hver ríkisstjórnin á fætur annarri hefur sagzt myndu taka á málinu en árangurinn hefur látið á sér standa. Nú er svo komið að Nicolas Sarkozy innanríkisráðherra segir að sú stefna sem yfirvöld hafa fram til þessa fylgt til að reyna að laga þennan þjóðfélagshóp að frönsku samfélagi hafi beðið skipbrot. Hann sé sannfærður um að eingöngu „stefna hörku“ sé til



ÚTHVERFIN LOGA Slökkviliðsmenn á vettvangi við brunninn strætisvagn í Parísarúthverfinu Le Blanc-Mesnil.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

þess fallin að bera árangur; stefna sem geri þessum reiðu ungmennum ljóst að ríkið gefist ekki upp fyrir þeim.

En hver eru þessi reiðu ungmenni sem kvöld eftir kvöld ganga berserksgang, kveikja í bílum, strætisvögnum, búðum og skólum, grýta lögreglu- og slökkviliðsmenn og skjóta jafnvel á þá úr haglabýssum?

Reiður jaðarhópur

Í Clichy-sous-Bois búa um 28.000 manns, flestir í háum, gráum, niðurníddum blokkum. Helmingur íbúanna er undir 25 ára að aldri, en flestir eru þeir múslimar ættaðir frá Norður-Afríku. Atvinnuleysi í þeirra röðum er mjög mikið. Þessi ungmenni hætta mörg í skóla án þess að ljúka grunnskólaprófi, ganga í hverfisgengi og afla sér fjár með smáglæpum og eiturlyfjasölu. Sömu sögu er að segja af mjög mörgum slíkum úthverfum Parísar og annarra franskra stórborga. Þannig séð hefur „borgarastríðið“ sem lögreglufélagstalsmaðurinn Thooris lýsir staðið yfir í áratugi, stríð milli þessa stóra hóps nýrra borgara hins frjálslynda franska lýðveldis, hóps sem finnst sér vera útskúfað, og yfirvalda í landinu.

Alls búa um fimm milljónir múslima í Frakklandi; langstærstur hluti þeirra er ættaður frá Norður-Afríku.

Sarkozy innanríkisráðherra, sem er einn vinsælasti stjórnmalamaður Frakklands og talinn er stefna á framboð til forseta þegar núverandi kjörtímabili Jacques Chiracs forseta sleppir árið 2007, hefur um nokkra hríð talað tæpitungulaust um að „hreinsa verði til“ í vand-ræðaúthverfunum, „spúla“ út úr þeim „glæpalýðinn“. En hvernig ráðherrann hyggst með slíkum aðferðum uppræta það eldfima félagslega ástand sem ríkir á þessum fjölmenna jaðri franskis þjóðfélags á eftir að koma í ljós. Hann segir sjálfur að þetta sé erfitt langtímaverkefni sem hann glími samt glaður við.

Gagnrýni frá hægri og vinstri

Stjórnarandstæðingar til vinstri og hægri hafa gagnrýnt stjórnina harðlega fyrir að láta reka á reiðanum og bregðast rangt við vandanum. Hægripopúlistanum Jean-Marie Le Pen og öðrum á þeim væng franskra stjórnmála finnst ástandið staðfesta það sem þeir hafa lengi sagt: of mörgum innflytjendum af framandi uppruna hafi verið hleypt inn í landið og það súpi nú seyðið af þessari óábyrgu stefnu. Reyndar hafa Le Pen og félagar haft mjög hægt um sig þessa síðustu daga. „Það er áberandi að hægriöfgamenn segja ekkert, gera ekkert núna,“ segir Jacqueline Costa Lascoux, talsmaður Eftirlits-skrifstofu innflytjenda- og aðlögunarmála, óháðra félagasamtaka með höfuðstöðvar í París. „Þeir þurfa ekki að gera neitt nema bíða,“ segir hún og spáir frambjóðendum af hægrijaðrinum meira fylgi en nokkru sinni fyrr í næstu kosningum, ekki sízt í forsetakosningunum 2007. Í fyrri umferð síðustu forsetakosninga, árið 2002, fékk Le Pen næstflest atkvæði í fyrri umferð kosninganna.



FRÉTTASKÝRING

AUDUNN ARNÓRSSON
audunn@frettabladid.is



SARKOZY BOÐAR HÖRKU Franski innanríkisráðherrann (t.h.) mætir á fund með lögreglu- og slökkviliðsmönnum í Bobigny norður af París á mánudag. Hann hefur talað um að það þurfi að „spúla glæpalýðinn“ út úr vand-ræðaúthverfunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

CHAMBERLAIN™

Íslenskar leiðbeiningar fylgja

Keðjudrifnu Chamberlain Motorlift bílskúrshurðaoþnarnir eru öflugir og sterkbyggðir og fást fyrir allar stærðir og gerðir bílskúrshurða. Motorlift er með kröftugum en hljóðlátum mótör og þægilegri fjarstýringu sem auðveldar umgengni um bílskúrinn eða geymsluhúsnæðið í hvaða veðri sem er.

Motorlift fæst í byggingavöruverslunum um land allt.

SOFÐU VEL UM JÓLIN



Jólagjöf fylgir hverri heilsudýnu



Svefn & heilsa



www.svefn.is



Chiropractic®



Jólatilboð

Signature Queen kr. 119.900.-


Sú besta

samkvæmt stærstu
samtökum kírópraktora í heimi

IQ-CARE

HEILSUDÝNUR

Einstök þrýstijöfnun
og réttur stuðningur



Jólatilboð
Queen stærð
kr. 129.900.-

Gerðu samanburð


iq-care.com

Nýr fjölstillanlegur Wallhugger



Jólatilboð Hjónarúm með
okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
2x 90 x 200 cm. kr. 299.900.-


Mest selda stillanlega rúmið
Frábær reynsla



BIFLEX

Jólatilboð Hjónarúm með
okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu
2x 90 x 200 cm. kr. 199.900.-

Konfektkassi fylgir
hverjum heilsukodda



IQ-CARE
HEILSUKODDAR

Vinsælasta
jólagjöfin

Large kr. 7.490.-
Medium kr. 6.990.-
Small kr. 5.990.-

Amerískar
heilsudýnur

SLEEP &
HEALTH



Jólatilboð Royalty Queen
kr. 99.900.-

Sleep
Series



Jólatilboð
Euro 120x200 59.900.-
Queen 153x200 69.900.-



Leður
Hægindastólar

Kr. 54.000.-



Svefnsófar

Verð frá kr. 79.900.-



Úrval af húsgögnum



Úrval af teppasettum
Damask Sænguverasett
Hágæða dúnsængur ofl.

Frí heimsending á heilsudýnum á stór-Reykjavíkursvæðinu og Akureyri



Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opíð virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 15:00

skoðun

SJÓNARMÍÐ
KÁRI JÓNASSON

Gísla Marteini tókst ekki það sem að var stefnt.

Vilhjálmur vel að sigrinum kominn

Prófkjör sjálfstæðismanna í Reykjavík yfirskyggði önnur prófkjör og atkvæðagreiðslur um helgina. Það er búin að vera mikil spennna í aðdraganda prófkjörsins eftir að Gísli Marteinn Baldursson tilkynnti að hann ætlaði gegn sitjandi leiðtoga flokksins í borgarmálum í Reykjavík, Vilhjálm P. Vilhjálmssyni. Eftir þessa baráttu, sem þó hefur farið drengilega fram á yfirborðinu, er Vilhjálmur P. ótvíræður foringi sjálfstæðismanna í Reykjavík, og finnst mörgum eflaust kominn tími til, því hann á að baki langan og farsælan feril í sveitarstjórnarmálum og leitun á manni sem er með meiri þekkingu og reynslu í þessum málaflokki, ekki aðeins í höfuðborginni heldur á landinu öllu. Sjálfstæðismenn hafa verið í kreppu í Reykjavík eftir að Davíð Oddsson vatt sér yfir í landsmálin með eftirminnilegum hætti. Hvert leiðtogaefnið á fætur öðru hefur komið fram á sjónarsviðið til þess að freista þess að frelsa borgina úr höndum Reykjavíkurlistans, en án árangurs. Nú er næsta mál á dagskrá, eins og Vilhjálmur P. sagði við birtingu talna úr prófkjörinu, að ná borginni og þá verður hann borgarstjóri. Eins og staðan er í dag

Þetta hlýtur að vera forystumönnum flokksins í Reykjavík umhugsunarefni - að upp undir helmingur skráðra félaga fyrir prófkjörið séu óvirkir - jafnvel þótt um það sé að ræða að velja forystumann.

virðast talsverðar líkur á því að sjálfstæðismenn nái borginni á ný en þó er rétt að fullyrða ekki neitt, því enn er langt í kosningar og margt getur gerst í borgarmálum fram á vor. Meirihluta-flokkarnir í borgarstjórn eiga líka eftir að efna til prófkjöra, nema Vinstri grænir, og þar vegur þungt hvernig úrslit verða hjá Samfylkingunni. Þótt Vilhjálmur P. Vilhjálmsson hafi hlotið yfirburðakosningu, og mun betri en margir höfðu ætlað, er fróðlegt að velta fyrir sér tölulegum staðreyndum varðandi prófkjörið. Þegar upp var staðið voru um 21 þúsund manns á kjörskrá og ljóst að á þriðja þúsund hafa gengið í flokkinn, eða verið smalað þangað inn, frá því landsfundur Sjálfstæðisflokksins var haldinn í október. Rösklega tólf þúsund manns tóku þátt í prófkjörinu og það verður að gera ráð fyrir því að allir hinir nýju flokksfélagar séu þar á meðal. Það eru því æði margir af þeim sem fyrir voru í flokknum sem ekki tóku þátt í prófkjörinu fyrir helgina, og má þó gera ráð fyrir að fylkingar Vilhjálm P. og Gísla Marteins hafi ekki legið á liði sínu við að fá skráða flokksmenn í Reykjavík til að kjósa. Þetta hlýtur að vera forystumönnum flokksins í Reykjavík umhugsunarefni - að upp undir helmingur skráðra félaga fyrir prófkjörið sé óvirkur - jafnvel þótt um það sé að ræða að velja forystumann. ■



Fjögurra rétta lambakjötsmáltíð
& með rauðvínsflösku
gisting fyrir tvo
ásamt morgunverði

Aðeins 17.900 - fyrir parið

Pantaðu núna í síma
514 8000

lambakjöt - léttur réttur

Þetta er upplagt tækifæri til að koma elskunni sinni á óvart og njóta þess að láta dekra við sig í mat, drykk og góðri þjónustu

Tilboðið gildir alla föstudaga, laugardaga og sunnudaga frá 21. okt. til 20. nóv.

Grand Hótel Reykjavík | Sigtúni 38 | 105 Reykjavík | www.grand.is | Sími 514 8000

Þáttaskil

Margir telja að afgerandi sigur Vilhjálm P. Vilhjálmssonar í prófkjörinu um helgina innsigli nýja tíma í Sjálfstæðisflokknnum. Líklega er það rétt sem Össur Skarphéðisson segir á vefsíðu sinni að „með tapi Gísla Marteins og öflugum sigri Vilhjálm P. hafi verið settur ákveðinn punktur aftan við valda-skeið hins þrönga og valdamikla kjarna í kringum Davíð [Oddsson].“ Heimildir eru fyrir því að ýmsir sjálfstæðismenn, sem kunnu vel við Gísla Marteini, hafi ekki viljað kjósa hann vegna þess að þeim fannst svo augljóst



að honum væri fjarstýrt frá gömlu valdaklíkunni í flokknum. Úr því að Davíð væri hættur ættu hans menn einnig að draga sig í hlé, en ekki að reyna að stjórna áfram bak við tjöldin.

„Meira en frambærilegar“

Auk sigurs Vilhjálm P. er það glæsilegt gengi kvenna sem mesta athygli vekur þegar úrslit prófkjörsins eru skoðuð. Sjálfstæðismenn ná því að hafa jafnt hlutfall kynja í efstu sætum á þess að setja upp kvótakerfi. Og svo enn sé vitnað í Össur eru þetta „meira en frambærilegar“ konur. Hanna Birna Kristjánsdóttir er bersýnilega efni í foringja en hún þarf fyrst að ná af sér ólundarsvipnum sem fer ákafllega í taugarnar á ýmsum sem flokknum eru velviljaðir. Skemmtilegasta niðurstaða prófkjörsins er sigur Sifjar Sigfúsdóttur, sem náði 8. sæti. Hún hafði sig lítið sem

ekkert í frammí og rak ekki einu sinni kosningaskrifstofu.

„Gamla íhaldið“?

Líklega hafa vinstri menn haldið með Vilhjálm P. í þeirra augum var Gísli Marteinn á vegum gömlu valdaklíkunnar sem þeir eru búnir að berjast svo lengi við. En kannski verður Vilhjálmur enn hættulegri andstæðingur. Hann höfðar til breiðs hóps kjósenda, þar á meðal miðjunnar sem vinstri flokkarnir þurfa á að halda. Stefán Jón Hafstein bregst við þessu með því að tala um Vilhjálm sem fulltrúa „gamla íhaldsins“ sem ekki megi komast til valda aftur. Kannski virkar það. Líklega er þó að syndir R-listans, sem blasa við hverju mannsbarni í borginni, verði kjósendum ofar í huga þegar nær dregur kosningum.

gm@frettabladid.is

Framferði Landsvirkjunar

Stjórnendur Landsvirkjunar virðast starfa eftir þeirri hugmynd að fyrirtækið sé nokkurs konar þjóðkirkja og það sé enn ríkistrú á Íslandi að orku skuli aflað með því að sökkva landssvæðum undir lón.

Þetta hugarfar sást vel á þeim ótrúlegu áformum þessara manna að ætla sér að fara inn í grunnskóla landsins með sérútbúið kennslufni til að koma börnum landsins í skilning um nauðsyn Kárahnjúkavirkjunar. Hingað til hafa Þjóðkirkjan og Umferðarráð haft slíkan aðgang að hugskotum íslenskra barna - og þykir mörgum nóg um slíkan áróður - og upp á síðkastið er íþrótta-álfurinn mættur með gulræturnar sínar - en nú telja sem sé Landsvirkjunarmenn að fagnaðarerindi þeirra um hjálpraði stórvirkjana og uppistöðulóna eigi heima í flokki með fræðslu um Jesú og hætturnar í umferðinni og hollustu gulróta. Væntanlega eiga skólastjórn landsins eftir að senda þetta efni kurt-eislega til baka - eins og annað slíkt stórfyrirtækjakvabb - og foreldrar eiga það varla á hættu að fá einn góðan veðurdag heim úr skólanum lítið öfgafólk í virkjanamálum. Það er hins vegar sjálft öflætið í þessari furðulegu herferð á hendur íslenskum börnum sem óneitanlega vekur manni nokkurn ugg.

Framferði Landsvirkjunar bendir til þess að þeir ríkisstarfsmenn - þjónar almennings - sem þar starfa hafi brenglaða sjálfsmynd. Enn eru þeir í óða önn að undirbúa Norðlingaöldulón jafnvel þótt allt mæli gegn þeirri framkvæmd og jafnvel þótt yfirgnæfandi meirihluti þjóðarinnar hafi lýst sig fylgjandi stækkun friðlandsins í Þjórsárverum. Um árabíl stóð til að sökkva Þjórsárverum - aðrir möguleikar væru ekki í stöðunni - en settur umhverfisráðherra, Jón Kristjáns-

Í DAG
ÞJÓRSÁRVER

GUÐMUNDUR ANDRI THORSSON

Við fengum að heyra það í síðustu viku í Speglinum í Ríkisútvarpinu hvernig Landsvirkjunarmenn tóku fljótlega eftir úrskurð hins setta ráðherra að starfa á heimamönnum í Gnúpverjahreppi...

son, kvað upp þann úrskurð 2003 að lónið skyldi ekki skerða friðlandið og fylgdu með þær forsendur reiknaðar út af Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen að um yrði að ræða 566 metra lón. Þessa tölu drögu Landsvirkjunarmenn strax í efa þó ekki væri nema til að fá að sökkva einhverju af friðlandinu, sennilega stoltstins vegna: þeir kröfðust þess að réttur skilningur á úrskurði ráðherra kvæði upp á 568 metra lón. Við fengum að heyra það í síðustu viku í Speglinum í Ríkisútvarpinu hvernig Landsvirkjunarmenn tóku fljótlega eftir úrskurð hins setta ráðherra að starfa á heimamönnum í Gnúpverjahreppi þar sem strandað hefur löngum á samþykki fyrir því að Landsvirkjun fari sínu fram, allt frá því að til stóð að sökkva öllum Þjórsárverum. Þeir boðuðu fundi á fundi ofan og þeir hringdu - kvölds og morgna - aftur og aftur og aftur - og vildu semja um nýjar forsendur: með öðrum orðum, þeir virtu ekki úrskurð ráðherrans. Erindi þess-

ara eilífu fundahalda með bændum sem höfðu vitaskuld annað við tíma sinn að gera var að leiðrétta þann „misskilning“ Gnúpverja að halda sig við 566 metrana sem ráðherra hafði haft sem forsendur síns úrskurðar. Eins og núverandi oddviti Gnúpverja, Aðalsteinn Guðmundsson, lýsti í Speglinum þessari fundánað var augljóst að Landsvirkjunarmenn voru að reyna að þreyta menn til uppgjafar. Og ljótar voru lýsingar Margrétar Steinþórsdóttur, ekkju Más heitins Haraldssonar fyrrum oddvita, á eilífum símtölum Landsvirkjunarmanna til bónda hennar sem þá var fársjúkur af krabbameini og þurfti á öðru að halda en nýjum og nýjum útskýringum á því að sannfæring hans um friðun Þjórsárvera væri byggð á „misskilningi“.

Landsvirkjun situr föst við sinn keip og leitar leiða til að ganga á Þjórsárver, neitar að semja frið við þjóðina í þessu máli. Og enn er ekki útséð um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum, þrátt fyrir útskurð samvinnunefndar um miðhálendið frá því í ágúst þar sem lónum norðan friðlands Þjórsárvera var hafnað - þrátt fyrir eindreginn þjóðarvilja sem fram er kominn um þetta svæði - þrátt fyrir augljóst náttúruverndargildi svæðisins - þrátt fyrir alþjóðlegar skuldbindingar um verndun þess - þrátt fyrir einarða afstöðu Gnúpverja - þrátt fyrir deilurnar og sárin og klofninginn sem Kárahnjúkavirkjun vekur enn - þrátt fyrir aurinn sem fylla mun þetta lón á aðeins hundrað árum svo að ekki er hægt að tala hér um sjálfbæra framkvæmd - þrátt fyrir aðra virkjunarkosti - þrátt fyrir háhitasvæði - þrátt fyrir nýja tækni - í stuttu máli - þrátt fyrir allt - þá situr Landsvirkjun föst við sinn keip. ■

MARKAÐURINN

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA

Mest lesna viðskiptablaðið



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Gallup könnun fyrir 365 prentmiðla maí 2005.

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldaí FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **ADALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTABLAÐIÐ: 550 5006 NETFÓNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðið er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

MÖGNUM TILBOÐ

19" GAMERS Edition

19" ACER GAMERS EDITION

Acer Gamers Edition er með 8ms viðbragðstíma fyrir óaðfinnanleg gæði í leikjum

CRYSTALBRITE

CrystalBrite tæknin skilar ótrúlega mikilli dýpt blek svörtum grunni og sterkum litum

GLÆSILEG HÖNNUN

Glæsilegur silfurlitaður og svartur skjár með VGA, DVI og hljóðtengjum í skjáfótinum

Sérhannaður fyrir leiki

VERÐ 39.900

512MB MP3 SPILARI



512MB MP3

- 512MB MSI Mega Player 538 er frábær MP3 spilari
- Stækkanlegur í allt að 2GB með SD minnis korti
- Einnig upptökutæki m/hljóðnema og USB2 minnislykill
- Kemur með rafhlöðu, og vönduðum heyrnartólum

VERÐ 6.990

SÚPERTURN 3

3000+

- 3000+ AMD Sempron 64bit HT
- 512MB DDR 400MHz minni
- 160GB 7200RPM WD - 8MB
- 128MB Radeon X300 skjá kort
- Dolby Digital 5.1 EAX2 hljóðkerfi
- 10/100 netkort, USB2 og FireWire
- Medium Tower með 300W aflgjafa

VERÐ 39.900

VEFMYNDAVÉL



Logitech QuickCam Messenger, með innbyggðum hljóðnema. Sérstök LCD skjáfesting, getur einnig staðið á borði

VERÐ 5.990

ÞJÓNUSTUBOÐ

- Uppsetning á vélbúnaði
- Ísetning á vélbúnaði
- Ókeypis ráðgjöf
- Opð á milli 9-15

Eingöngu fyrir vélbúnað keyptan í Tölvulistanum. Aðeins einfaldar ísetningar og uppsetningar á rekum. Miðast við hámark 15 mín.

FRÍTT FRÍTT

ICYBOX HÝSING



USB 2.0 utanálggjandi RaidSonic ál harðdiskahýsing fyrir hámarks kælingu, hægt að staflla nokkrum saman

VERÐ 4.990

MÖGNUM MÚS



Logitech MX518 gaming-grade optical mús, langflottust í leikina, 1600dpi, silfurgrá og svört, tengist PS2 og USB

VERÐ 4.990



VERÐ 3.990



VERÐ 3.990



VERÐ 1.490



VERÐ 2.990




VERÐ 3.790



VERÐ 3.990



VERÐ 3.990



VERÐ 1.990



Vaxtalaus tilboð eru miðuð við mánaðalegar jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf með 3,5% stimpil og lántökugjaldi sem bætist við heildarupphæðina og dreiftist jafnt yfir samningstímann

TÖLVULISTINN

SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 12 ÁR

REYKJAVÍK
Nóatúni 17
Sími 562 6730

AKUREYRI
Glerárgötu 36
Sími 464 7400

KEFLAVÍK
Hafnargötu 90
Sími 534 7400

ELEANOR ROOSEVELT (1884-1962)
LÉST ÞENNAÐ DAG.

„Vinátta við sjálfan sig er mikilvæg,
án hennar getur maður ekki orðið
vinur neins annars í heiminum.“

ELEANOR ROOSEVELT VAR FOR-
SETAFRÚ Í BANDARÍKJUNUM OG
BARÐIST FYRIR AUKNUM MANN-
RÉTTINDUM.



tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST> 7. NÓVEMBER 1951

Sinatra kvænist Gardner

Á þessum degi árið 1951 gengu stórstjörurnar Frank Sinatra og Ava Gardner í það heilaga. Gardner hafði þá þegar að baki tvö hjónabönd, með Mickey Rooney og tónlistarmanninum Antie Shaw. Sinatra var áður giftur barnsmóður sinni Nancy Barbatto en skilnaðurinn við hana gekk í gegn aðeins nokkrum dögum fyrir giftingu söngvarans og Gardner.

Hjónaband þeirra stóð þó aðeins til 1957 en Sinatra átti eftir að gifta sig tvisvar til viðbótar. Hann giftist leikkonunni Miu Farrow og síðast Barböru Marx sem var ekkja annars Marx bróðursins. Frank Sinatra lést árið 1998.

Gardner, sem var ein þekktasta Hollywood-stjarnan á fimmta og sjötta áratugnum hélt áfram kvikmyndagerlinum sínum eftir skilnaðinn við Sinatra allt fram á níunda áratuginn en hún lést árið 1990.



SINATRA OG GARDNER

MERKISATBURÐIR

- 1550** Jón Arason, síðasti kaþólski biskupinn á Hólum, og synir hans, Björn og Ari, eru hálshöggðir í Skálholti.
- 1916** Fyrsta blaðgreinin sem Halldór Laxness skrifar undir eigin nafni birtist í Morgunblaðinu. Hann var þá fjórtán ára.
- 1940** Tacoma-brúin í Washington-ríki hrynur aðeins fjórum mánuðum eftir byggingu hennar.
- 1987** Ólafur Ragnar Grímsson er kjörinn formaður Alþýðubandalagsins.
- 1998** Elsti geimfari heims, John Glenn, snýr aftur til jarðar eftir vel heppnaða geimferð.
- 2000** Hillary Clinton vinnur sæti í öldungadeild bandaríska þingsins.

JARÐARFARIR

- 13.30 Ólöf Baldvins**, fyrrum bóndi á Brún, Akureyri, verður jarðsönginn frá Akureyrarkirkju.
- 15.00 Kári Páll Friðriksson** pípu- lagningameistari, Blásölum 20, Kópavogi, áður Dalseli 8, Reykjavík, verður jarðsönginn frá Seljakirkju.
- 15.00 Margrét G. Margeirsdóttir**, áður til heimilis í Stífuseli 9, verður jarðsönginn frá Bústaðakirkju.

ANDLÁT

Bjarni Þórir Guðmundsson rafvirkir frá Arnarhóli, Gaulverja-bæjarhreppi, lést miðvikudaginn 2. nóvember.

Oddný Ólafsdóttir kjólameistari, frá Látrum í Aðalvík, lést fimmtudaginn 27. október.



AFMÆLISHÁTIÐ Á meðal skemmtikrafta sem stígu á stókk á Glerártorgi í gær var Óskar Pétursson.

Tíu þúsund gestir

Fjölmenni lagði leið sína á afmælishátíð Glerártorgs á Akureyri í gær en fimm ár eru síðan verslunarmiðstöðin var tekin í gagn. Starfsmenn Glerártorgs telja að alls hafi hátt í 10 þúsund manns komið í verslunarmiðstöðin í gær og þegar líða tók á daginn voru öll bifreiðastæði yfirfull.

Afmælisdagsskráin hófst á föstudaginn, með fjölbreyttri skemmtidagskrá, en hátíðinni lýkur sunnudaginn 13. nóvember.

- kk

Þegar andlát ber að

Síðastliðin 15 ár höfum við feðgar aðstoðað við undirbúning útfara. Alhliða útfararþjónusta. Símar: 567 9110, 893 8638 og 897 3020

Útfararþjónustan ehf. Stofnað 1990

LEGSTEINAR

S: HELGASON

Skemmuvegi 48

S: 557 6677

www.steinsmidjan.is

Fróðleikur af gardur.is

Menntafrömuður og merkisberi heimilisföndur:

Halldóra Bjarnadóttir

Halldóra Bjarnadóttir var fædd 14. okt. 1873 að Ási í Vatnsdal, dóttir Bjarna bónda Jónassonar, síðar í Ameríku, og k.h. Bjargar Jónsdóttur; þau skildu, er Halldóra var níu ára; fluttust þær mæðgur til Reykjavíkur. Heimiliskennari nyrðra 17-22 ára, lauk kennaraprófi í Osló 1899, var 1 ár kennari við Barnaskólann í Reykjavík og Kvennaskólann; kenndi við tvo barnaskóla í Noregi 1900-8. Skólastjóri barnaskólans á Akureyri 1908-18, fyrst kvenna til að stjórna stórum barnaskóla; stóð að merkingu nýjungum. Sat í bæjarstjórn á Ak. Fyrsti form. Sambands norðlenskra kvenna. Kennari í handavinnu í Kennarask. 1922-30, ráðunautur almennings í heimilisföndum 1922-57. Beitti sér fyrir námskeiðum og sýningum, m.a. glæsilegri Landsýningu 1930, einnig á Norðurlöndum, í Vesturheimi o.v. Gaf út vinsælt ársrit, Hlin, í 44 ár. Rak tövinnuskóla á Svalbarði við Eyjafjörð 1946-55. VSV blaðam. lýsti henni svo 1930: „há og tíguleg, klædd isl. skautbúningi, fögur í sinni reisn. Mér fannst þá, að ef nokkur kona gæti í lifanda lífi verið tákn hugmyndarinnar um Fjallkonuna, væri það Halldóra Bjarnadóttir.“ RF, heiðursfél. í mörgum félögum. Elgur hennar eru varðveittar í Halldórustöfu á Blönduósi. Rit: Kvæði og leikir, Barnabók Hlinar, Vefnaður á isl. heimilum. Hún var ógift. Varð elzt Íslendinga, hélt andlegum kröftum fram yfir tírætt og lést 27. nóv. 1981.

Meira um hana á gardur.is

Hægt er að setja inn arvidög látinna Íslendinga með því að hringja í síma 585 2700 eða á gardur.is.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5000.

PORVALDUR PORSTEINSSON RITHÖFUNDUR OG MYNDLISTARMAÐUR ER 45 ÁRA

Með æskuvinum á Akureyri

„Yfirleitt geri ég ekki neitt enn núna er sambýliskona mín stödd erlendis og í staðinn fyrir að leggjast í þunglyndi í Reykjavík fór ég norður á Akureyri og bauð nokkrum ættingjum og góðum vinum í kvöldkaffi,“ segir Þorvaldur Þorsteinsson, rithöfundur, myndlistarmaður og forseti Bandalags íslenskra listamanna, sem er 45 ára í dag. Þorvaldur er fæddur og uppalinn á Akureyri og á þar fjölskyldu og mikið af góðum vinum.

Helgardvölin á Akureyri var þó ekki einungis notuð til skemmtunar því Örn Ingi, myndlistarmaður á Akureyri og kvikmynda- og þáttagerðarmaður, er um þessar mundir að vinna að gerð þáttar um listamenn sem eiga ættir sínar að rekja á landsbyggðina. „Hann notaði tækifærið og skaut mig meðan ég var á Akureyri,“ segir Þorvaldur, sem man sérstaklega vel eftir ferugsafmæli sínu. „Það var svo fallegt og einfalt,“ segir hann nánast dreyminni röddu. „Þá kom sambýliskona mín mér gersamlega á óvart og bauð mér upp á sólarhringsdeit,“ segir Þorvaldur en þau hjónaleysin eyddu deginum á lúxushótelum bæjarins og gistu á einu þeirra um nóttina. Þorvaldur var einnig stórhreifinn af fámennum en góðmennum félagsskapnum. Hann ákvað þó að fara algerlega í aðra átt í þetta sinn enda kærastan fjarri góðu gamni.


Þorvaldur á sér eina afmælisóska. „Nýi diskurinn

með Ingibjörgu Þorbergs, ég þarf ekkert meir,“ segir hann með áherslu. „Það eru stórkostlegar fréttir að Ingibjörg skuli vera að gefa út disk með nýjum lögum og að hún syngi sjálf,“ segir Þorvaldur, sem hefur verið einlægur aðdáandi Ingibjargar frá ómunatíð.

Þorvaldur segir mikið um að vera hjá Bandalagi íslenskra listamanna þó starfið fari hljótt. „Það er umræða í gangi sem ég hef komið af stað um möguleika bandalagsins,“ segir Þorvaldur, sem vill ná fram breytingum á starfinu enda telur hann bandalagið geta gert sig gildandi á mun stærri vettvangi. „Til þess að geta sinnt því betur þarf að breyta rekstararfyrirkomulaginu því ég er eini starfsmaðurinn án þess að vera í starfi og hef ekkert bakland til að gera nokkurn skapaðan hlut,“ segir Þorvaldur ákveðið.

Þorvaldur er iðinn við bæði ritstörf og myndlist. Nýverið hófust æfingar á leikgerð eftir hann í Þjóðleikhúsinu. „Hún heitir Leitinn að jölunum og er aðventuleikrit sem á að sýna á aðventunni næstu tíu árin,“ segir Þorvaldur, sem er á leið til Köln bráðlega þar sem hann tekur þátt í íslenskri myndlistarsýningusýningu.

Verk sitt ætlar Þorvaldur að helga stórvirkustu umhverfislístamönnunum Íslandssögunnar sem hreiðrað hafa um sig á hálendinu.



ÉG Á MÉR EINA ÓSK Þorvaldur óskar sér þess að fá nýja diskinn með Ingibjörgu Þorbergs í afmælisgjöf enda hefur hann verið einlægur aðdáandi hennar frá ómunatíð.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

FYRSTA STARFIÐ: ARNAR JÓNSSON LEIKARI

Var Hans litli á Akureyri

„Fyrsta starfið hlýtur eiginlega að hafa tengst leikhúsinu,“ segir Arnar Jónsson leikari, sem var aðeins ellifu ára þegar hann spreytti sig á sínu fyrsta hlutverki sem Hans í leikritinu Hans og Gréta, hjá Leikfélagi Akureyrar. „Maður leit í það minnsta á það sem starf,“ segir Arnar, sem er viss um að hann hafi fengið eitthvað fyrir þrátt fyrir að ekki hafi verið borgaður háar upphæðir í áhugamannaleikhúsi norður í landi. Annars var Arnar á þessum árum í sveit á sumrin eins og margir aðrir drengir og fékk eins og eitt lambverð fyrir. „Kannski má segja að það hafi verið fyrsta starfið,“ segir Arnar, sem þurfti ekki að sækja það stíft að fá að leika Hans. „Ég held að faðir



minn hafi verið formaður Leikfélagsins á þessum tíma og var sjálfur áhugaleikari í marga áratugi auk þess sem miðarnir voru seldir heima hjá mér,“ segir Arnar kíminn. Það voru því hæg heimatökin að hann tæki að sér leikhlutverk enda var hann öllum stundum í leikhúsinu og þekkti fólkið sem þar starfaði.

„Ef ég man rétt leið mér strax tiltölulega vel á leiksviði,“ segir Arnar, sem minnir að leikritinu hafi verið vel tekið enda var það sýnt töluvert mikið. Arnar lék í fjölmörgum verkum á næstu árum en hið síðasta með Leikfélagi Akureyrar áður en hann hélt suður var leikritið Pabbinn þar sem hann lék á móti föður sínum.



Reykjavík 9.30 13.11 16.52
Akureyri 9.27 12.56 16.24

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!

Í dag er mánudagur 7. nóvember, 311. dagur ársins 2005.

FASTEIGNASÖLUR

Árborgir	17
Ás	14-15, 36
Bífröst	11
Búseti	45
Draumahús	23-30
Eignamiðlun	7
Eignastýring	31
FM	8
FMG	8
Hof	37
Hóll	41
Hraunhamar	34-35
Húsalind	18
Húseign	40
Klettur	42-43
Lundur	32
Lyngvík	19
Neteign	21
Nýtt	10
Remax	20
Smárinn	38-39
Valhöll	9
Viðskiptahúsið	13
X-hús	16

SMÁAUGLÝSINGAR
SÍMI: 550 5000

PÚ GETUR PANTAÐ
SMÁAUGLÝSINGAR
Á vísir.is

vísir

hús

Stækkaði húsið sjálfur bls. 2
Svefnherbergið í stofnunni bls. 4

fasteignir

Gluggarnir í Þingholtunum bls. 22
Hönnun Háskólans á Akureyri bls. 6

allt-fasteignir

ER ÞÍN EIGN AUGLÝST HÉR?

MEST LESNA FASTEIGNABLAÐ LANDSINS



Einbýlishúsið er í Seljahverfinu og er rúmgott og fallegt.

Glæsilegt hús á rótgrónum stað

Fasteignasalan Lundur hefur til sölu einbýlishús á tveimur hæðum. Með eigninni fylgir tvöfaldur bílskúr og fallegur garður.

Um er að ræða glæsilegt einbýlishús sem er um 212 fermetrar á tveimur hæðum og með tvöföldum bílskúr á skjólgóðum stað í Seljahverfinu þar sem húsið stendur innarlega í lokaðri götu.

Komið er inn í flísalagt hol með góðum fataskápum, þar inni af er hol og út frá því er gengið í svefnherbergisálmum, upp í stofu, borðstofu og eldhús. Þar er einnig stigi niður á jarðhæð.

Í svefnherbergisálmum er gott hjónaherbergi með sér fataherbergi og

úr herberginu er útgengt í garð. Í svefnherbergisálmunni er einnig stórt barnaherbergi sem áður var tvö herbergi. Svo er snyrtilegt flísalagt baðherbergi með baðkari.

Á efri hæðinni er stofa með arni sem og borðstofa. Út úr stofu er gengið út á rúmgóðar svalir. Eldhús er með eikarinnréttingu, borðkrók og þar inni af er búr. Eitt herbergi er á hæðinni og flíslögd gestasnyrting. Parkett er á gólfum.

Á neðri hæð eru þvottaherbergi og gott svefnherbergi, einnig er sturtuðstaða og geymsla. Á hæðinni er útgangur í garð.

Þakið á húsinu þarfnast endurnýjunar en annað er í góðu standi og garður vel ræktaður.

Ásett verð er 47,9 milljónir.

LIGGUR Í LOFTINU FASTEIGNIR

Leifsstöð á enn að stækka næstu tvö árin. Norðurbyggingin á að teygja sig til suðurs og önnur hæðin fær andlitslyftingu. KB banki lánar um 3.3. milljarða króna en áætlað er að heildarkostnaður nemi tæpum fimm milljörðum króna.



Byggingarframkvæmdir í Reyk-hólahreppi standa með miklum blóma. Þar eru byggð íbúðarhús, peningshús, vélageymslur,

íþróttahús, baðhús og sumar-bústaðir auk þess sem gamla skólahúsið í Flatey á Breiðafirði hefur verið endurreist. Framundan er svo stækkun þöruna-verksmiðjunnar og fleira er í bígerð á framkvæmdasviðinu. Í Reyk-hólahreppi búa 260 manns.

Alls bárust á þriðja þúsund umsóknir um 682 íbúðir á Völlum og í Áslandi í Hafnarfirði en margir sóttu um á báðum stöðum. Bæjarstjórn mun ákveða á fundi sínum 22. nóvember hverjir fá vilyrði fyrir úthlutunum og síðan munu þeir fá að velja sér lóð í þeirri röð sem þeir verða dregnir út. Lóðunum verður formlega úthlutað í byrjun desember.

Íbúðalán

4,15%

Kynntu þér kostina við íbúðalán Landsbankans. Fáðu ráðgjöf hjá sérfræðingum okkar og veldu leiðina sem hentar þér best. Hafðu samband í síma 410 4000 eða á fasteignathjonusta@landsbanki.is



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | landsbanki.is

ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFNANIS/IALS LBT 2447 09/2005

Skóflur

eru þarfaþing á hvert heimili núna til þess að hægt sé að moka snjó frá dyrunum. Ef snjórinn er orðinn að klaka er ágætt að hella heitu vatni á hann en gæta þarf þess að moka hann þá strax í burtu svo að vatnið frjósi ekki og verði að svelli.



ÍBÚÐARHÚS - FRÍSTUNDAHÚS
BYGGÐ ÚR NORSKUM KJÖRVIDI - NÁTTÚRUVÆN FÚAVÖRN



Re Hús Grensasvegi 22. Sími 511 5550. Veffang: www.rchus.is

Flottar flísar á fínu verði
Mikið úrval af gólfflísum,
tilboð á sturtuklefum



HÚSHEIMAR
Lækjargötu 34c • 220 Hafnarfirði • S:553 4488

GLÓFAXI HF.
ÁRMÚLA 42 - SÍMI 553 4236



BÍLSKÚRS OG IÐNAÐARHURÐIR

- Hurðir til á lager
- Smíðað eftir máli
- Eldvarnarhurðir
- Öryggishurðir

**AMERÍSKIR
GLUGGAHLERAR**



glæsileg lausn
FYRIR ÍSLENSKA GLUGGA

www.gluggahlerar.is | ameriskir@gluggahlerar.is | Sími: 555 4755 | Gsm: 892 4756

Glæsilegt úrval
Sisal og Kókos
gólfteppa

Heimilisgólfdukar
Tilboðsverð
frá kr. 900 á m²

Teppamottur
40% afsláttur

Teppi horn í horn

Stigateppi
Niðsterk og létt í þrifum

Gerum
tilboð að
kostnaðar-
lausu

GÓLFBÚNAÐUR
KJARAN EHF. • SÍÐUMÖLI 14 • 108 REYKJAVÍK
SÍMAR 510 5510 • 510 5500
OPIÐ VIRKA DAGA KL. 8 - 18.



Aukahæðin klæðir húsið vel. Eftir breytingarnar er húsið 135 fermetrar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Stækkaði gamla húsið sitt frekar en að flytja

Við Bergstaðastræti 33b stend-
ur *Emanúelshús*, nefnt eftir
*Emanúel Bjarnasyni bygg-
ingameistara*. Húsið var byggt
1914 en 1920 var því lyft og
kjallari settur undir það. Í dag,
85 árum síðar, er enn verið að
bæta við.

Thorsten Henn ljósmyndari og
Lovísa Lóa Sigurðardóttir mynd-
listarmaður búa í húsinu ásamt
nýfæddum syni þeirra, Jökli
Hrafni. Þegar stækkun fjölskyld-
unnar lá fyrir hófst undirbúning-
ur fyrir stækkun hússins.

Auk þess að kaupa íbúðina í
kjallaranum hafa Thorsten og
Lóa nú hækkað risið á húsinu um
einn og hálfan metra, aukið þak-
hallann og bætt við kvistum með
gluggum. Húsið sem var upphaf-
lega byggt á einni hæð telur því
þrjár hæðir í dag.

„Við viljum vera í miðbænum,“
segir Thorsten. „Húsið er fallett,
hér er mikill gróður, iðandi menn-
ingarlíf og hverfið er rólegt og
notalegt. Það er líka ágætt að
þurfa ekki að taka leigubíl úr mið-
bænum. Listinn er endalaus. Svona
þurftum við ekki að setja okkur á



Thorsten ætlar tæpa tvo mánuði í framkvæmdirnar.

hausinn til að stækka við okkur.“

Hjónakornin hafa búið í miðhæð
hússins síðan 2000 og tóku hana
í gegn 2003. Það tók tólf mánuði.
„Það er erfiðara að byggja innan
í gömlu, meiri vinna en að byggja
nýtt,“ segir Thorsten, sem ætlar sér
aðeins tvo mánuði í nýju hæðina. Þá
er ótalin sá tími sem það tók að fá
leyfi fyrir framkvæmdunum.

„Fyrst þurfti þetta að fara fyrir
húsfriðunarnefnd þó að húsið sé
reyndar ekki orðið hundrað ára. Þá
þurfti að athuga hvort Árbæjarsafn
hefði eitthvað við framkvæmdina
að athuga. Skipulagsráð sendi svo

erindi til nágrannanna sem verða
að samþykkja eða rökstyðja and-
mæli sín. Þegar það er búið getur
maður fengið byggingarleyfi. Þetta
hljómar einfalt en í okkar tilfelli
tók þetta rúma níu mánuði,“ segir
Thorsten. „Það tók styttri tíma að
bíða eftir fæðingu sonarins.“

Nýja hæðin verður með loft-
hæð upp í tæpa fjóra metra og þar
verður Thorsten með stúdíó. Það
var áður á miðhæðinni sem fjöl-
skyldan mun nú hafa til óskiptra
nota auk hluta kjallarans. Í honum
verður líka vinnustofa Lóu.

einareli@frettabladid.is



RÁÐ frá Rakel

RAKEL ÁRNADÓTTIR SEGIR FRÁ ENDURKOMU FATAHERBERGISINS.

Er fataskápurinn í útrýmingarhættu?

Það nýjasta á heimilissýning-
unni 2005 í Svíþjóð í haust er að
innréttata fataherbergi. Nú kemst
fólk ekki lengur upp með að hafa
allt á tjá og tundri bak við luktur
þyr fataskápa. Þó er sú lík með
þraut að nú getur sauðsvartur
almúginn eignast það sem eitt
sinn var bara á færi fyrir mennna
og fengið útrás fyrir sköpunar-
gleðina í leiðinni.

Eitt sinn í skoðunarferð um ein-
hverja höllina í Frakklandi tjáði
leiðsögumaður okkur að aðallinn
hér áður fyrir hefði haft sérstakan
kjólavörð sbr. orðið garde (vörð-
ur) des robes (kjólanna) fyrir
karla jafnt sem konur enda gengu
karlarnir í kjóljökkum á þessum
tíma. Eiginlegir fataskápar voru
ekki til, heldur fataherbergi og

fatavörður. Vörðurinn var eins
konar öryggisvörður fyrir verð-
mætin í fataherberginu. Hann bar
líka fram klæðnað og skart handa
aðalsfólkinu fyrir ýmiss tækifæri,
gerði við og hreinsaði föt, púðraði
hárkollur auk þess sem hann gekk
frá fötunum eftir notkun.

Þetta hefur mér alltaf fundist
mig vanta. Alveg síðan ég heyrði
þetta hef ég orðið æ sannfærðari
um að ég sé prinsessa í álögum
eða að ég hafi verið aðalskona í
fyrri lífi, því hvernig getur maður
saknað einhvers nema maður hafi
kynnst því áður? Ég segi nú bara
svona. Er fram liðu stundir og
menn hættu að hafa það svona
gott, u.þ.b. eftir byltingu, urðu
menn að búa til sérstaka fataskápa
sem þeir kölluðu „garderobe“ sem

Menn með vinnuvélaréttindi og meirapróf. Vönum jarðvinnumönnum. Vinnuvélapróf og meira-próf æskilegt. Þarf að geta hafið störf sem fyrst.

2. Viðgerðarmann

Menn vana viðgerðum á vinnuvélum og farartækjum Hlutastarf kemur til greina. Fjölbreytt verkefni. Þarf að vera stundvís og áreiðanlegur.

3. Rafvirkjar / Splæsingar

Starfsmenn óskast í vinnu við tengingar ljósleiðara-kerfa o.fl. Þekking á ljósleiðaravinnu (s.s. splæsingum) æski-leg. Einnig vana alm. Rafvirkjastörfum. Þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Upplýsingar um störfin eru gefin í síma 595-1500.

ÍSAKSSKÓLI

Ísaksskóli er um 1.800 fermetrar að stærð. Hann er byggður í tvennu lagi. Eldri hlutinn er frá 1955. Húsameistari þess húss var Indriði Níelsson. Það hús var um margt mjög sérstakt. Til dæmis var strax í upphafi settur í það innan-hússími og einnig hátal-arakerfi þannig að skóla-stjórinn Ísak Jónsson gat ávarpað nemendur eða spilað fyrir þá af skrifstofunni. Nýrri hlutinn var vígður 1990 og það var dr. Maggi Jónsson sem teiknaði það hús. Rýmið í nýbyggingunni veitti aðstöðu til mun fjölbreyttara skólastarfs en áður að sögn Eddu Huldar Sigurðardóttur skólustjóra. Þar er til dæmis mjög góður salur sem nýtist bæði vinnu nemenda og til sýninga eða tónleikahalds af ýmsu tagi.



FRETTABLAÐIÐ/VILHELM




DRAUMAHÚSIÐ MITT **MARGRÉT PÉTURSDÓTTIR**

Hundavænt með heitum potti

Margrét Pétursdóttir leikari myndi vilja eiga stórt hús niðri í bæ. „Draumahúsið mitt er með fallegu útsýni og fallegum garði sem hægt er að ganga beint út í úr húsinu. Þetta er stórt og fallegt einbýlishús en samt alveg niðri í bæ. Húsið er ofsalega bjart og það hreinsar sig sjálft. Þar er nóg pláss,” segir Margrét og sonur hennar Tryggvi Geir bætir við: „Með sér garðhúsi fyrir mig.“ Mamma hans gefur nú ekki mikið fyrir það í bili en segist myndi vilja hafa séríbúð í húsinu: „Þar sem amma hans Tryggva byggði svo hann gæti alltaf farið í pönnukök-ur. Svo ætti systir mín heima rétt hjá.“ Margrét vildi auk þess hafa stóran garð. „Garðurinn er hunda-vænn og með fallegum trjáum og heitum potti.“ Og einhvern tíma seinna garðhúsi fyrir Tryggva Geir.



Margrét er hundaeigandi svo húsið yrði að sjálfsögðu búið með tilliti til þess.



Fasteigna-gjöldin hækka

Fasteignaverð hefur hækkað mun meira en laun að undanförnu. Því hafa fasteignaskattar líka hækkað langt umfram ráðstöfunartekjur almennings.

Á síðustu fimm árum hefur fasteignaverð á höfuðborgarsvæðinu hækkað sextíu prósent umfram launahækkanir. Fasteignagjöld hækka í sama hlutfalli og fasteignaverðið. Því er gert ráð fyrir að helmingur þeirrar kaupmáttaraukningar sem spáð er á þessu ári fari í að standa undir hækkuðum fasteignasköttum. Enda þótt mikil eignamyndun hafi átt sér stað á þessum tíma innleysisir fólk ekki þann hagnað nema í fáum tilfellum. Greiðslubyrði vegna fasteignagjalda hefur því aukist gríðarlega sem hlutfall af tekjum.

? SPURNING VIKUNNAR á fasteignavef Visis

Ætlaðu í stórframkvæmdir fyrir jólin?

SPURNING SÍÐUSTU VIKU: Þarf að taka til í geymslunni þinni?

Já

66,7%

Nei

33,3%



750m²

HAGSTÆÐAST í HÚSASMIÐJUNNI

Vivaldi, Eik

3ja stafa, 6 mm.
146961



Jólin nálgast



Hvítur askur, 7 mm

3ja stafa smella, rakavarið
146977

1.290 kr/m²



Gólfflís, Mustang

30x60 sm
8700070

2.590 kr/m²



1.990m²
3.120m²



Merbau, Megafloor

3ja stafa, 7 mm.
146979


990 kr/m²



2.250m²
3.290m²

Gólfflís, Magma

Jaspe, 33x33 sm mött
8610355
Beige, 33x33 sm mött
8610358



Galeon gólfflís

Grafito, 20x20 sm
8600240
Barro, 20x20 sm
8600241
Marfil, 20x20 sm
8600242
Marino, 20x20 sm
8600243

Byrjaðu þau hjá okkur



HÚSASMIÐJAN

...ekkert mál

Hlaut gull í ferðakynningu

Menntaskólinn í Kópavogi sendi nýlega tvo nemendur í árlega fagkeppni nemenda sem haldin er í tengslum við aðalfund Evrópusamtaka hótél- og ferðamálastólaskóla sem að þessu sinni var haldin í Antalya í Tyrklandi. Nokkrir fulltrúar Menntaskólans í Kópavogi og Hótél- og matvælastólaskólans tóku þátt í aðalfundinum en þær Anna Björg Þórarinsdóttir, nemandi á ferðalánu í MK, og Bylgja Mjöll Helgadóttir bakara-nemi kepptu fyrir Íslands hönd í ferðakynningum annars vegar og eftirrættagerða hins vegar.

Keppnin fer þannig fram að keppt er í mismunandi greinum og skipt er upp í tveggja eða fjög-

urra manna lið þannig að hver og einn fær félagi frá öðrum löndum heims.

Bylgja keppti í félagi við

ítalskan strák og Anna Björg með stúlku frá Slóveníu, Hollandi og Austurríki. Verkefni ferðakynningakeppninnar var

að útbúa kynningu á Antalya sem stúlkurnar gerðu með glærusýningu og myndbandi sem þær bjuggu til sjálfar. Kynningin sló í gegn og hlaut lið Önnu gullið að launum.

Þetta er áttunda árið sem MK sendir nemendur og kennara til þessarar keppni og hefur árangur íslensku nemendanna verið mjög góður en hópurinn hefur snúið heim með ófá silfur- og gullverðlaun.

Yfir 300 skólar frá 35 löndum eru í Evrópusamtökum hótél- og ferðamálastólaskóla og því ljóst að samkeppnin er hörð og ekki sjálfgefið að ná jafn góðum árangri og íslensku nemarnir hafa náð.



EFTIRVÆNTING Drengur biður þess að fá að sitja í hringekju á fyrsta degi Eid-hátíðarinnar í hinn forn borg Balkh í norðurhluta Afganistan.



LAXNESS /Evisaga hans verður þýdd á norsku.

Halldór á norsku

Norðmenn geta brátt kynnt sér ævi og störf nóbelskáldsins Halldórs Laxness á eigin tungu því JPV útgáfa hefur samið um útgáfu ævisögu skáldsins eftir Halldór Guðmundsson á norsku. Bókin kom út hérlandis á síðasta ári og hlaut höfundurinn Íslensku bókmenntaverðlaunin fyrir.

Stefnt er að því að bókin verði gefin út þegar á næsta ári í Nor-egi undir merkjum Tiden, sem er dótturforlag Gyldendal-forlagsins norska sem gaf út verk Laxness, Sjálfstætt fólk, í norskri þýðingu á síðasta ári.

AFMÆLI



Eirur Guðnason sendiherra er 66 ára.



Jakob Ragnar Möller hæstaréttarlögmaður er 65 ára.



Joni Mitchell söngkona er 62 ára.

FÆDDUST PENNAN DAG



1867 Marie Curie vísindakona.



1879 Leon Trotsky kommúnistaleiðtogi.



1913 Albert Camus rithöfundur.

Merkjavara á silfurfati

Síðustu dagar frá mánudegi til miðvikudags

Verðdæmi:	Okkar verð	Fullt verð
Stakar íþróttabuxur	1.600 kr.	3.990 kr.
Nike anorakkar, fódraðir	3.500 kr.	10.490 kr.
Adidas fótboltaskór, F30 TR	5.000 kr.	9.990 kr.
Nike stuttbuxur	1.400 kr.	3.600 kr.
Rucanor sokkar, 3 í pakka	1.000 kr.	
Adidas innanhússkór, STABIL	4.000 kr./ 7.000 kr.	7.990 kr./ 13.990 kr.
Adidas Nike/Speede sundbrúsur	Frá kr. 1.000	
Adidas fótboltaskór barn	2.000 kr.	3.990 kr.
Nike innanhússkór M	3.300 kr.	4.600 kr.
Nike alhliðaskór T	4.000 kr.	7.990 kr.
Fire Fly barnas	1.000 kr.	3.990 kr.
Barnakuldag	3.000 kr.	7.990 kr.
Nike gall	3.500 kr.	11.990 kr.

50%

afsláttur af okkar verðum á öllum vörum mánudag til miðvikudag

50-80%

lækkun frá fullu verði

Nýjar vörur á hverjum degi!

Upplýsingasími: 511-1055

Opnunartími:
Opið virka daga frá kl. 14:00 til kl. 18:00
Opið um helgar frá kl. 10:30 til kl. 18:00

Fiskbúðin
VEGAMÓT

GLÆNÝ LÍNU ÝSA!

499 kr/kg

www.fiskbudin.is

FISKBÚÐIN VEGAMÓT
NESVEGUR 100 • SELTJARNARNES
ARNARBAKKA 4-6 • BREIÐHOLTI

PlayStation 2

BUZZ!

12. hverjinn vinnur!

Sendingarleiður PlayStation 2

Nýjasti SingStar PlayStation 2

PlayStation 2

MOBILE

Sendu SMS skeytið

BTC SBF

á númerið 1900 og þú gætir unnið.

Geggjafir vinningar! PlayStation 2 tölvu

- SingStar sett
- BUZZ sett
- SingStar 80's

Kippu af Coca Cola og margt fleira

Vinningar verða afhentir hjá BT Smáralind, Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 149 kr/skeytið.

STUÐ MILLI STRÍÐA Nýta hinn helminginn betur

FREYR GÍGJA GUNNARSSON VELTIR FYRIR SÉR BIÐ.



„Má ég bjóða þér að bíða?“ spurði konan í símanum. Ég þakkaði henni höfðinglegt tilboð og sagðist geta það. Hálfra mínútu biðtími, í mesta lagi. Í minningunni leið mér eins og ég hefði verið nauðbeygður til að hlusta á tvö lög með Kenny G. Ég missti þolinmæðina og skellti á. Líklega framlengdist biðtíminn um fimmtán sekúndur en það var of mikið. Þessu var þó ekki þannig farið þegar stilla þurfti inn afruglara. Fyrir skitnar níutíu stöðvar beið ég í hálf tíma með

Bylgjuna í eyrunum. Þrjátíu sekúndur með starfsmanninum og málið var leyst. Þessi hálf tími var biðarinnar virði.

Þolinmæði okkar gagnvart bið veltur á því hverju er verið að hinkra eftir. Vinafólk mitt þurfti til dæmis að bíða í fjórutíu stundir eftir sínu fyrsta barni (þ.e. þegar þau voru komin upp á fæðingardeildina). Þjónustufulltrúi í banka sem léti bíða eftir sér í tæpa tvo sólarhringa yrði væntanlega ekki langlífur í starfi. Ef bók frá Amazon-vefnu myndi hins vegar skila sér á þessum tíma væri það á hinn bóginn afbragðs árangur.

Strákurinn sem ruddist fram fyrir mig í 10-11 með smokka-

pakka gat ekki beðið að komast út í bíl til kærustunnar sinnar. Hún var auk þess með Subway og þau brunuðu af stað í gamalli Toyotu. Ég var með lítra af mjólk, danskt rúgbrauð og aspássúpu. Það skipti mig ekki miklu máli hvort ferð minni úr búðinni myndi seinka um hálfa sekúndu eða svo. Það myndi ekki kosta nein mannslíf.

Ég hef nefnilega komist að því að það þýðir ekki að pirra sig á biðinni. Þegar öllu er á botninn hvolt fer helmingur lífsins í að bíða eftir grænu ljósi, sím-tali, barni, þjónustufulltrúanum, pizzunni eða ástinni. Það er hinn helmingurinn sem verður að nýtast sem allra best.

myndasögur

■ Pondus



Eftir Frode Overli

■ Gelgjan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

■ Pú og pa



Eftir SÖB

■ Kjölturakkar



Eftir Patrick McDonnell

■ Barnalán



Eftir Kirkman/Scott

■ Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Prautín er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á www.sudoku.com. Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins

4	2	3	7	6	9	5	8	1
8	1	7	2	4	5	3	9	6
6	9	5	8	3	1	7	4	2
5	8	1	9	7	4	2	6	3
3	4	6	1	8	2	9	5	7
2	7	9	6	5	3	8	1	4
1	3	4	5	9	7	6	2	8
9	6	2	3	1	8	4	7	5
7	5	8	4	2	6	1	3	9

3	1	4			5			7
	2					1		5
	9		4	6		2		
5		1	7		9			3
	3						5	
9			8	3	6			4
		3		7	4		9	
6		9					7	
1			5			3	8	2

STARFRÆÐILEGA ÖVR TILBOÐ

TOSHIBA *Satellite*

- PSM40E-08D03NED
TOSHIBA SATELLITE M40-238
- Intel® Centrino™ mobile tækni
 - Intel® Pentium® M 740 1.73 GHz (Dothan)
 - 512MB DDR minni (Mest 2048MB)
 - 60GB S.M.A.R.T. drif
 - 15.4" Breiðtjaldsskjár (1280 x 800 upplausn)
 - ATI X600 64MB DDR skjástýring
 - Super DVD Multi brennari - Dual Layer
 - 10/100 Ethernet og V.90 mótdal
 - VGA skjátengi, Sjónvarpsútgangur
 - i.LINK® (IEEE 1394) Firewire, 3x USB 2.0
 - Media Bay kortalesari
 - Harman Kardon viðöma hátalarar
 - 360 x 270 x 25 mm, 2.78 kg
 - Lithium-ion, Allt að 3.7 klst. (Mobile Mark™)
 - Intel® PRO/Wireless 2200 b/g 54Mbps
 - Windows XP Home
 - 2 ára alþjóðleg ábyrgð á vinnu og varahlutum

***4.154**

4.154*
Tölvukauplán 48 mán.

11.999**
Vaxtalaust 12 mán.

143.988
Staðgreitt

15,4"

**WIDE
SCREEN**

**ATI Get in
the GAME**

*Frábær
í leikina!*

Intel Centrino
Ný útgáfa af Centrino
örgjörvanum sem afkastar
allt að 22% meira



15,4 Breiðtjaldsskjár
Sjáðu alla myndina í góðri
upplausn en hámarks-
upplausn er 1280 x 800
punktar.



FireWire (DV ready)
Gerir stafræna myndvinnslu að
veruleika. Nú er leikur einn að
færa myndskjöð af stafrænni
tökuvel og klippa í tölvunni.



S.M.A.R.T
Verndar gögnin þín. Með
þessari tækni eru gögnin
þín öruggari. Lætur þig
vita af yfirvofandi bilun
harða disksins.



harman/kardon

Harman Kardon hátalarar
Toshiba hefur notast við Harman Kardon
hátalarar í sínum fartölvum í gegnum tíðina.
Betri hljóm færð þú varla.

Kaupauki #1

Þessa vikuna fylgir stafræn myndbandstökuvel
að verðmæti kr. 47.988 með
TOSHIBA M40-238 og MEDION C7 SONOMA

SONY
SONY MINIDV
TÖKUVÉL DCR-HC19



FYLGIR*
47.999*

Kaupauki #2

Með TOSHIBA
SATELLITE M40-238 og
MEDION C7 SONOMA fylgir einnig
tölvuleikurinn Star Wars
Battlefront2 að verðmæti kr. 3.999



FYLGIR*
3.999*

**2,5" Litaskjár/
Snertiskjár**
Björt og skýr mynd og
allar stillingar fram-
kvæmdar á skjánum.

CCD myndflaga
800.000 pixla CCD
myndflagan tryggir þér
betri myndgæði en þú
átt að venjast

640X aðdráttur
Með 640x digital og
20x optical aðdrætti
nærðu öllum smá-
atriðum sem þú vilt.

MEDION *SONOMA*

- MEDION C7 SONOMA**
- Intel® Centrino™ mobile tækni
 - Pentium® M 1.73 GHz örgjörvi (740)
 - 15.4" WXGA skjár (1280x800)
 - Nvidia GeForce Go 6200 skjástýring**
 - Sjónvarpskort og fjarstýring**
 - 1 GB DDR2 minni**
 - 80 GB diskur**
 - Super DVDRW +/- skrifari "DUAL LAYER"
 - Hátalarar með bassaboxi
 - 54Mbit þráðlaust netkort
 - TV-Out, DVI, Firewire, S/PDIF, Bluetooth
 - MediaBay kortalesari
 - Lithium-ion rafhlaða
 - Þyngd 3 kg

15,4"

**WIDE
SCREEN**

**NVIDIA
G FORCE
6200**

*Frábær
í leikina!*

Öflugt skjákort
Öll nýjasta tækni s.s. Direct X 9.0,
PureVideo™, PCI-Express, CineFX
3.0, UltraShadow II o.fl. tryggir þér
bestu spilun í nýjstu leikjunum



Sjónvarpskort og fjarstýring
Gerir þér kleift að horfa á sjónvarp
beint úr tölvunni, taka upp efni til
geymslu eða til að setja á DVD.



**Ný Intel tækni
Sonoma**
Hraðari gagnabrotur,
meiri stöðugleiki ásamt
mun öflugri skjástýringu.



Útskiptanleg skjástýring
Nú er hægt að skipta um skjástýringu í
fartölvunni. Henntar vel fyrir þá sem gera
kröfur um hraða og vilja uppfæra fartölvuna
þegar nýjar skjástýringar koma á markaðinn.



DV Ready
Gerir stafræna myndvinnslu að
veruleika. Nú er leikur einn að
færa myndskjöð af stafrænni
tökuvel og klippa til.



BT

***4.537**

4.537*
Tölvukauplán 48 mán.

9.999**
Vaxtalaust 16 mán.

159.984
Staðgreitt



*Meðalmánaðargreiðsla á 48 mánaða
tölvukaupláni V.I.S. Umsóknin er afgreidd á
staðnum á innan við minútu.



**Með við 12 jafnar vaxtalauser greiðsur á
Visa eða Mastercard skuldbætur 0.5%
stimpilgjöld bætist við samningsfjárhæðina og
greiðist með jöfnum greiðslum yfir
samningstímann.





THE TURN OF THE SCREW
EFTIR
BENJAMIN BRITTEN

25 ára og yngri:
50% afsláttur af miðaverði í sal

12. nóv. kl. 20 - 6. sýning
ATH! Allra síðasta sýning
Kynning fyrir sýninguna kl. 19.15
Kynningin fer fram á sviðinu og er innifalin í miðaverði.
PARIS PRO TOTO - Dansverkið VON & ARÓRA BÓREALIS - Brot úr nýju verki á gömlum merg
Laugardaginn 19. nóv - kl. 20 - Sunnudaginn 20. nóv - kl. 20
Aðeins þessar tvær sýningar

„Spennuhlaðið viðfangsefnið gerir sig bráðvel fyrir augu og eyru.“
MORGUNBLAÐIÐ
★★★★ DV

www.opera.is opera@opera.is Sími: 511 4200
Íslenska óperan v/Ingólfsstræti Pósthólf 1416 - 121 Reykjavík Sími: 511 6400

ÍSLENSKA ÓPERAN



Annie
eftir Thomas MEEHAN, Charles STROUSE & Martin CHARNIN
SÍÐUSTU SÝNINGAR

★★★★★ -DV
Frábær fjölskylduskemmtun!
- Fréttablaðið

sun. 13. nóv. kl. 14

Annika: Thelma Lind
Annika: Lilja Björk

Miðasala í síma 551 4700 alla daga frá kl. 12-17 í gamla húsinu
www.annie.is • www.mid.is



Þjóðleikhúsið – leikhúsið þitt!

STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00

HALLDÓR Í HOLLYWOOD
Fim. 10/11, fös. 11/11 nokkur sæti laus, lau. 12/11 nokkur sæti laus, fim. 17/11, fös. 18/11 nokkur sæti laus, lau. 19/11 örfá sæti laus. Aðeins sýnt í nóvember.

KLAUFAR OG KÖNGSDÆTUR
Sun. 13/11 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 20/11 kl. 14:00 örfá sæti laus, sun. 27/11 kl. 14:00 nokkur sæti laus.

EDITH PIAF
Í kvöld sun. 6/11 uppselt, sun. 13/11 uppselt, sun. 20/11 uppselt, sun. 27/11 uppselt, sun 4/12 uppselt - 90. sýning. Allra síðasta sýning.

LITLA SVIÐIÐ KL. 20.00

BRIM
Mið. 9/11 uppselt, lau. 12/11 örfá sæti laus, sun. 13/11 örfá sæti laus, fim. 17/11 nokkur sæti laus, sun. 20/11 nokkur sæti laus. Aðeins sýnt í nóvember.

SMÍÐAVERKSTÆÐIÐ KL. 20.00

FRELSI
Mið. 9/11 uppselt, fim. 10/11 uppselt, fös. 11/11 kl. 11:00 uppselt og kl. 14:00 uppselt, lau. 12/11, mið. 16/11 uppselt, fim. 17/11. Aðeins sýnt í nóvember.

LEIKHÚSKJALLARINN
Fös. 11/11 kl. 21:00 Hugleikur - Þetta mánaðarlega.
Lau. 12/11 kl. 21:00 Hugleikur - Þetta mánaðarlega.
Sun. 13/11 kl. 21:30 Sunnudagsjass. Djassklúbburinn Múlinn: **B3**.
Tónlist orgelleikarans Jimmy Smith.

Miðasala við innganginn. Upplýsingar um viðburði Leikhúskjallarans í s. 585 1295. Húsið er opnað kl. 18:00 fös. og lau. Annars klukkustund fyrir viðburð.

MÍÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.
MÍÐASÖLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.



BORGARLEIKHÚSIÐ

Stóra svið		Nýja svið/Litla svið	
Salka Valka		Lífsins tré	
Lau 12/11 kl. 20	Fi 17/11 kl. 20	Fi 10/11 kl. 20	
Fi 24/11 kl. 20	Fö 25/11 kl. 20	Fö 11/11 kl. 20 UPPSELT	Fö 18/11 kl. 20
Su 4/12 kl. 20	Su 11/12 kl. 20	Lau 19/11 kl. 20	Fö 25/11 kl. 20
Woyzeck		Alveg brilljant skilnaður	
Fi 10/11 kl. 20 Græn kort		Su 13/11 kl. 20 UPPSELT	
Fö 11/11 kl. 20 Blá kort		Su 20/11 kl. 20 UPPSELT	
Fö 18/11 kl. 20	Lau 19/11 kl. 20	Su 27/11 kl. 20 UPPSELT	
Kalli á þakinu		Má 28/11 kl. 20 AUKASÝNING	
Su 13/11 kl. 14	Su 20/11 kl. 14	Síðustu sýningar!	
Lau 26/11 kl. 14	Su 27/11 kl. 14		
Id - HAUST		Manntafl	
Wonderland, Critic's Choice? og Pocket Ocean		Lau 12/11 kl. 20	Fi 17/10 kl. 20
Su 13/11 kl. 20	Su 20/11 kl. 20	Fi 24/10 kl. 20	
Mi 23/11 kl. 20			
Aðeins þessar sýningar!		Miðasala á netinu	
		Einfalt og þægilegt er að kaupa leikhúsmiða á heimasíðu Borgarleikhússins www.borgarleikhus.is Þar er einnig að finna ýmsan fróðleik um verkin sem sýnd verða í vetur.	

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

**Kl. 12.30**

Jón Proppé heimspekingur kynnir myndlistarmanninn **Jón Laxdal** og verk hans í Listaháskóla Íslands, Laugarnesvegi 91, stofu 024.

> Ekki missa af ...

... fyrirlestri **Sigurðar Gylfa Magnússonar** sagnfræðings í Þjóðminjasafninu í hádeginu á morgun. Hann ræðir þar um „kynlíf í ljósi nývæðingar“.

... tónleikum **Stórsveitar Reykjavíkur** í Ráðhúsi Reykjavíkur á miðvikudagskvöld. Að þessu sinni verður bandaríski útsetjarinn og básúnuleikarinn John Fedchock við stjórnvölinn.

... óperunni **Tökinn hert** eftir Benjamin Britten, sem sýnd er í Íslensku óperunni. Aðeins ein sýning er eftir á þessari mögnuðu uppfærslu.

menning

menning@frettabladid.is

Piaf skreppur til Akureyrar

Brynhildur Guðjónsdóttur leikkona bregður sér norður til Akureyrar seinni part vikunnar ásamt Þresti Leó Gunnarssyni leikara og hópi tónlistarmanna. Þau ætla að gefa Norðlendingum tækifæri til að upplifa ógleymanlega túlkun Brynhildar á Edith Piaf, einni frægustu söngkonu heims.

Dagana 10., 11., og 12. nóvember ætla þau að flytja í Samkomuhúsinu á Akureyri söngdagskrá sem unnin er upp úr samnefndri sýningu Þjóðleikhússins.

Brynhildur hefur heillað landann með túlkun sinni á Edith Piaf, einhverri ógleymanlegustu rödd síðustu aldar, en fyrir hana hlaut Brynhildur Grímuna - Íslensku leiklistarverðlaunin sem besta leikkona í aðalhlutverki.

Sýning Þjóðleikhússins á Edith Piaf eftir Sigurð Pálsson hefur gengið fyrir fullu húsi í yfir áttatíu



Söngdagskrá úr sýningu Þjóðleikhússins verður flutt á Akureyri í vikunni.

skipti og virðist ekkert lát á vinsældum hennar.

Piaf var goðsögn í lifanda lífi. Lífshlaup hennar var einstakt; hún ólst upp meðal vændiskvenna og bófa í skuggahverfum Parísarborgar en með rödd sinni og einstakri túlkun komst hún upp á svið helstu hljómléikahúsa heims. Við kynnumst konu sem aldrei afneitaði

neinu og allra síst fortíð sinni og uppruna, hvað þá ástarsamböndum sínum.

Um tónlistarflutning í sýningunni sjá þeir Jóhann G. Jóhannsson á píanó, Birgir Bragason á kontrabassa, Hjörleifur Valsson á fiðlu, Jón Pálsson á tenórsaxófón og klarinett og Tatu Kantomaa á harmónikku.



Hvað er einstaklingsmiðað nám og hvernig er það metið?

Opnir fundir fyrir skólafólk og foreldra

i Hlíðaskóla miðvikudag 9. nóv. kl. 20:00

i Breiðholtsskóla fimmtudag 10. nóv. kl. 20:00

Stefán Jón Hafstein, formaður menntaráðs, og Gerður G. Óskarsdóttir, sviðsstjóri Menntasviðs Reykjavíkurborgar, kynna hugmyndafræðina á bak við einstaklingsmiðað nám og nýtt matstæki fyrir grunnskóla.

- Einstaklingsmiðað nám er skipulagt í ljósi námsgetu, áhuga og stöðu hvers nemanda.
- Nemandinn setur sér sjálfur markmið í samvinnu við kennara og foreldra og velur sér námsleiðir.
- Skólastarfið er skoðað með nýju matstæki, sem nær til sex meginþátta; skópunar, skóla, námsumhverfis, viðhvarfa, skólagæðna, þáttar nemanda og hluts foreldra.

Kynntu þér skóla á nýrri öld

Reykjavíkurborg Menntasvið

Stella í stuði

[BÆKUR]
UMFJÖLLUN

Ég hef aldrei þolað Stellu Blómkvist og hef hingað til aðallega lesið bækur hennar af skyldurækni mér til ama og óþæginda. Þessar glæpasögur um harðsnúnu lögfræðifraukuna Stellu Blómkvist eru dæmigerðar sjöppubókmenntir.

Stíllinn á bókunum er einfaldur og nokkuð ljóst að höfundurinn setur ekki mikið púður í skriftirnar. Þetta er hraðsúða sem maður getur fullkomlega skilið að enginn vilji leggja nafn sitt við og láti því Stellu sjálfa sitja uppi með skömmina.

Leiðinleg persóna

Þessi formáli ætti að taka af öll tvímæli um að ég er nánast vanhæfur til þess að fjalla um nýjstu bók Stellu, Morðið í Drekkingarhyl, en ég ætla samt að láta vaða. Aðallega vegna þess að ég skemmti mér konunglega yfir bókinni og las hana í einum rykk. Á dauða mínum átti ég von en að Stella Blómkvist myndi vinna mig yfir á sitt band, það er ótrúlegt.

Persóna Stellu er jafn óþolandi leiðinleg og í fyrri bókum. Þessi kjaftfora, drykkfellda, ljóshærða og ofvirka kynbomba í lögfræðingastétt er hálfgerður kynskiptingur eða það sem þeir kalla „gender bender“ í útlandinu. Hún er dæmigerð karlhetja glæpasagnanna með brjóst og píku. Sturtar í sig viski eins og hún sé Humphrey Bogart í akkordí, tál-dregur konur og karla á víxl og kastar fórnarlömbunum svo frá sér þegar hún hefur fengið nægju sína og hegðar sér að öllu leyti eins og versta karlremba.

Það er í sjálfu sér ekkert nema gott um þetta að segja og „gender bender“ geta verið mjög skemmtilegir og það er vissulega smart að láta svona hvassa tík hrista upp í formföstu karlasamfélagi sakamálasögunnar. Gallinn er bara sá að Stella er leiðindapía sem hefur alltaf síðasta orðið en það er bara vegna þess að hún getur alltaf vitnað í einhverja

niðursuðudósaheimspeki frá móður sinni. Það fara um mann ónot í hvert skipti sem hún segir: „Sagði mamma,“ og það gerist nánast í hverjum kafla.

Flott plott

Stella sjálf og flatur stíllinn nær þó ekki að skemma Morðið í Drekkingarhyl. Sagan er bara svo helvíti skemmtileg og ég er ekki frá því að þetta sé skemmtilegasta plottið sem ég hef séð í íslenskum krimma í þessari umferð. Stella tekur að sér að verja nýbúa sem er grunadur um að hafa framið svokalað heiðursmorð á dóttur sinni og að hafa svo komið líki hennar fyrir í Drekkingarhyl. Það er auðvitað ekkert sem sýnist og Stella kemst að því að morðið tengist spillingu sem teygir anga sína uppi efstu lög lögreglunnar og dómsmálaráðuneytis. Þetta er krassandi og Stella lætur það ekki aftra sér þó hún þurfi að takast á við volduga karlpunga í leit sinni að réttlætinu.

Þá blandast fortíð Stellu einnig í málið og hún þarf að gera upp við pervertinn hann föður sinn sem lék hana grátt í æsku. Það vekur óneitanlega meiri áhuga þegar Stella vitnar í pabba sinn en mömmu. Ánægjuleg tilbreyting sem varpar nýju ljósi á þreytandi persónuna.

Hver er Stella?

Þessi spurning brann á fólki fyrir nokkrum árum og það var vinsæll samkvæmisleikur að reyna að giska á hver það er sem stendur á bak við Stellu sem á að vera eitt best varðveitta leyndarmál íslenskra bókmennta. Jafn ólíkir menn og Stefán Jón Hafstein og Davíð Oddsson hafa verið nefndir til sögunnar og líklega lúslesa margir bækur Stellu í leit að vísbendingum um höfundinn. Ég ætla ekki að varpa fram neinum kenningum að þessu sinni en tel óhætt að fullyrða að Stella er karlmaður sem er kominn um eða yfir fimmtugt. Sterkasta vísbendingin um það er kynlíf Stellu og þá ekki síst lessukynlífið sem er eins og sprottið upp úr ómerkilegri klámmynd og brengluðum kynórum



MORÐIÐ Í DREKKINGARHYL
Höf: Stella Blómkvist
Útg: Mál og menning

Niðurstaða: Stella sjálf og flatur stíllinn nær þó ekki að skemma Morðið í Drekkingarhyl. Sagan er bara svo helvíti skemmtileg og ég er ekki frá því að þetta sé skemmtilegasta plottið sem ég hef séð í íslenskum krimma í þessari umferð.

karla um kynlíf tveggja kvenna. Þar fyrir utan löðrar textinn allur í karlrembu þó hann sé lagður konu í munn.

Annars er það hætt að skipta máli hver Stella er og ef hún heldur áfram á sömu braut og hættir að vera leiðinleg má hún skrifa fleiri bækur sem hún skammast sín fyrir mín vegna. Morðið í Drekkingarhyl er finn krimmi en ekki nógu góð til þess að nokkur ætti að vilja gangast við henni.

Þórarinn Þórarinnsson

Plokkfiskur – tilboð 590 kr/kg
Glæný línuýsa Glæný stórlúða
Mikið úrval af tilbúnum fiskréttum
Nýsteiktar fiskibollar

Fiskbúðin Álfheimum Álfheimum 4 553 8090	Fiskbúðin Reykjavíkurvegi Reykjavíkurvegi 68 564 2783	Fiskbúðin Dunhaga 18 S: 517 3326
---	--	---

Af hverju er sagt að vín þurfi að anda?

ALLT SEM ÞÚ VILT VITA UM LÉTTVÍN

VÍN SÝNINGIN 2005
19.-20.nóv. í Smáralind

Við frostmark

[BÆKUR]
UMFJÖLLUN


Jón Atli Jónasson hefur sýnt það og sannað með miklum afköstum undanfarið að hann er mesta efni í alvöru leikskáld sem komið hefur fram á sjónarsviðið á Íslandi árum saman. Fyrsta skáldsaga hans, Í frostinu, gefur líka sterkar vísbendingar um að hann geti ekki síður haslað sér völl á skáldsagnasviðinu.

Þetta er einföld, stutt og látlaus saga sem lætur lítið yfir sér og einhvern veginn átti maður fyrirfram von á því að leikskáldið ofvirka myndi senda frá sér þykkari doðrant.

Þetta gerir Í frostinu þó síður en svo að minna verki og það er í raun fagnaðarefni að rithöfundar skuli leitast við að ná til lesenda á innan við 200 blaðsíðum. Þykkar bækur eru úr takt við tímann. Í það minnsta þann tíma sem hún Drífa Sig, aðalpersóna Jóns Atla, lifir og hrærist í. Hún er einstæð móðir og hjúkrunarkona sem nær varla endum saman og tekst á við gráan og þunglyndislegan hversdagsleikan á milli þess sem hún reynir að flýja hann á djamminu.

Þetta er kunnuglegt stef og þó sagan sé einföld dregur Jón Atli upp skýra og nóturlega mynd af daglegu basli einstæðrar móður í Reykjavík. Það leynist ónótalegur drungi og feigð undir liprum og læsilegum textanum og líklega munu margir geta speglað sig í Drífu.

Hún lifir sama lífi og við hin og þó allt sé slétt á fellt á yfirborðinu eru flestir alltaf að reyna að fylla eitthvert andlegt svarthol innra með sér. Tónninn í bókinni er því ekki beinlínis upplífandi en hann er rétt sleginn. Í frostinu fangar vel tilgangseysi MTV-kynslóðar-



Í FROSTINU
Höf: Jón Atli Jónasson
Útg: JPV

Niðurstaða: Þunglyndir ættu að íhuga það að stækka prósakkskammtinn sinn í þrjár vikur áður en þeir lesa bókina. Það er nefnilega langt síðan depurð hefur verið komið jafn vel til skila á prenti.

innar sem veit ekki hvort hún er að koma eða fara, stefna áfram eða aftur á bak. Drífa er líka á sama stað í upphafi sögunnar og enda, jafnvel ívið verr stödd. Lífið getur verið svo innihaldslaust, leiðinlegt og glatað og þeirri stemningu skilar Jón Atli með tilþrifum. Hann vekur lesandann til umhugsunnar um tilganginn með þessu jarðvistarbrólti okkar en þunglyndir ættu að íhuga það að stækka prósakkskammtinn sinn í þrjár vikur áður en þeir lesa bókina. Það er nefnilega langt síðan depurð hefur verið komið jafn vel til skila á prenti.

Þórarinn Þórarinnsson



Teppi á stigaganginn

Falleg aðkoma að heimilinu skiptir máli. Teppi er slitsterkt gólfefni sem auðvelt er að þrifa, hljóðeinangrandi og hlýlegt.

Við seljum vönduð og endingargóð teppi sem eru ofnæmisprófuð og á góðu verði.



Ármúla 32 Sími 533 5060
www.stepp.is

Tónlist fyrir alla

Djasskvartett Reykjavíkur hélt á miðvikudaginn tónleika fyrir nemendur Ísaksskóla. Nemendurnir tóku tónlistarmönnunum fagnandi enda ekki á hverjum degi sem þeim gefst tækifæri til að hlýða á djass.



Að sögn Sigurðar Flosasonar saxófónleikara er þetta hluti af verkefninu „Tónlist fyrir alla“ sem hefur verið í gangi í heilán áratug en auk hans skipa þeir Eyþór Gunnarsson, Tómas R. Einarsson og Gunnlaugur Briem kvartettinn. „Það eru tíu til ellefu tónlistarhópar sem ferðast vítt og breitt um landið og kynna fyrir krökkunum ólíka tónlist,“ segir hann en kvartettinn tekur sér þrjár vikur í verkefnið og heimsækir nokkra skóla að morgni til. „Þetta eru orðnar nokkur hundruð heimsóknir.“

ÁN/ÆÐIR MEÐ FRAMTAKIÐ Þessir ungu drengir voru auðsjáanlega ánægðir með heimsóknina.

Sigurður segir að krakkarnir séu góðir hlustendur og ákaflega móttækilegir en bætir við að það þurfi að sníða dagskrána eftir aldri. „Við verðum að koma til móts við þroska þeirra,“ útskýrir hann og telur jafnframt að þetta sé ofboðslega jákvætt og gefandi hlutverk.

- fgg

HUGFANGIN Krakkarnir voru hugfangnir yfir þeim hljóðum sem Gunnlaugur Briem tófráði fram og fylgdust vel með því sem fram fór.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



Undir áhrifum

Íslensk sveitaballa-stemning var á veitingastaðnum Vega í Kaupmannahöfn þegar Sálín hans Jóns míns fagnaði útgáfu nýrrar plötu á laugardaginn var. Kristján Hjálmarsson fylgdist með fullum, sveittum og glöðum Íslendingum skemmta sér konunglega á tónleikunum.

Um þrettán hundruð manns troðfylltu veitingastaðinn Vega við Vesterbrogade í Kaupmannahöfn á laugardaginn var þegar Sálín hans Jóns míns fagnaði útgáfu plötunnar Undir þínum áhrifum. Það er óhætt að segja að stemningin hafi verið mögnuð. Sálarmenn hafa engu gleymt og stóðu svo sannarlega fyrir sínu. Fyrir hlé léku þeir lög í rólegri kantinum, flest gömul en skutu inn einu og einu lagi af nýju plötunni. Eftir hlé tók þétt keyrsla við og allt ætlaði um koll að keyra. Hver einasti fermetri á dansgólfinu var nýttur til hins

ýtrasta og kom fólk sér jafnvel fyrir á svölum yfir dansgólfinu. Hver einasti kjaftur söng hástöfum með og dillaði sér í takt við þetta sveitina.

Flestir tónleikagestanna höfðu fylgt sveitinni frá Ísland en þó mátti þar einnig finna Íslendinga búsetta í Kaupmannahöfn sem og í Svíþjóð, Noregi og jafnvel Bretlandi. Stór hluti gestanna voru handboltamenn úr Haukum og Val en liðin áttu bæði leik í Evrópukeppninni í handbolta fyrr um daginn. Það var ekki að sjá að liðunum hafi gengið illa fyrr um daginn því leikmenn sem þjálfara skemmtu sér konunglega.

Sálín hans Jóns míns steig á svið í kringum ellefu og spilaði til að verða þrjú. Eftir eitt upplapp kvöddu Sálarmenn og við tóku gömul íslensk popplög sem gestir staðarins dilluðu sér við lengi fram eftir.

Þegar veitingastaðnum lokaði, um klukkutíma eftir að Sálarmenn höfðu lokið sér af, mátti finna sveitta, glaða og fulla Íslendinga langt upp eftir allri Vesterbrogade.



JÚLIUS SIGURJÓNSSON Aðdáandi Salarinnar númer eitt lét sig ekki vanta.



TRYLLTUR MANNSKAPURINN Drakk, dansaði og söng með hetjunum sínum.

MasterCard kynnr:

OKTÓBERBÍÓFEST

7 DAGAR EFTIR.
HVAÐ ÁTT ÞÚ
EFTIR AÐ SJÁ?

„Ljósíð!“
- JÖKULL II

Iceland Film Festival

Í Háskólabíói og Regnboga
26. október - 14. nóvember

ICELANDAIR

ICELANDAIRHOTELS

Talstöðin

www.icelandfilmfestival.is

Fritt SMS þegar pizzan fer í ofninn



ERU EKKI ALLIR Í STUÐI?
Stefán Hilmarsson tryllti
lýðin af gamalkunnri snilld.



NÚ FINN ÉG NEISTANN Sálarmenn tóku
gamla slagara í bland við nýja.

FERSKASTA OG VINSÆLASTA



1.999kr.

Fáanleg á
tvöfaldri
sérútgáfu!

Best Of Mark Knopfler & Dire Straits
Allir smellir Mark Knopfler og Dire Straits ásamt einu nýju lagi.



1.999kr.

Nirvana • Sliver: The Best Of The Box
Safnplata frá goðsögninni, sem inniheldur 22 upptökur.



1.999kr.


Rammstein • Rosenrot
Fimmta hljóðversplata íslandsvinanna í Rammstein, sem hafa aldrei verið betri.



1.999kr.

Fáanleg á
tvöfaldri
útgáfu!

Bob Marley • Africa Unite - The Singles Collection
Í ár hefði Bob Marley orðið sextugur. Af því tilefni kemur út þessi magnaða safnplata sem verður einnig fáanleg í tvöfaldri útgáfu.



...TÓNLISTIN!



skemmtir þér ;)

Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 • Skífan Smáralind • Skífan Kringlunni • Póstkröfusi 591-5310 • www.skifan.is

Ka

7.-13. nóv.
Allar pizzur á
1.090 kr.

Hvítlauksolía fylgir!

58•12345



HUGSADU STÓRT SMÁRA BÍÓ Sími 564 0000

In Her Shoes
DIAZ COLLETTE MACLAINE
Sýnd kl. 2, 5, 8 og 10.40
Sýnd í Lúxus kl. 2, 5, 8 og 10.40

THE PERFECT CATCH
FRÁ LEIKSTJÓRNUM THERE IS SOMETHING ABOUT MARY
Sýnd kl. 5.40, 8 og 10.20
FRÁ FRAMLEIÐENDUM THE PROFESSIONAL OG LA FEMME NIKITA
FÓR BEINT Á TOPPINN Í USA
Sýnd kl. 8 og 10 B.I. 16 ára

Africa United
Sýnd kl. 2, 5, 8 og 10.45 B.I. 12 ára
Sýnd kl. 4 og 6
Sýnd kl. 2 og 3.50 með íslensku tali.

450 kr.

Dolby Digital DTS THX BÍÓ.IS – allt á einum stað

REGNBÖGINN Sími 551 9000

In Her Shoes
DIAZ COLLETTE MACLAINE
Sýnd kl. 3, 5.30, 8 og 10.30

Africa United
Sýnd kl. 2, 4 og 6

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu

OKTÓBERBÍÓFEST
www.icelandfilmfestival.is 26. október - 14. nóvember

My Summer of Love • Sýnd kl. 2
Enskt tal/íslenskt texti
Fakiren frá Bilbao • Sýnd kl. 2
Dansk tal/íslenskt texti
Rock School • Sýnd kl. 4
Enskt tal/íslenskt texti
The King • Sýnd kl. 4
Enskt tal/íslenskt texti
Pusher II • Sýnd kl. 6
Dansk tal/íslenskt texti

Lords of Dogtown • Sýnd kl. 6
Enskt tal/íslenskt texti
Pusher III • Sýnd kl. 8
Dansk tal/íslenskt texti
Adams Æbler • Sýnd kl. 8
Dansk tal/íslenskt texti
It's all Gone Pete Tong • Sýnd kl. 10
Enskt tal/íslenskt texti
Murderball • Sýnd kl. 10
Enskt tal/íslenskt texti

The King

LAUGARÁS BÍÓ Sími 553 2075

FOUR BROTHERS
Sýnd kl. 5:30, 8 og 10:20 B.I. 16 ára

THE DESCENT
Sýnd kl. 10 B.I. 16 ára

Borgarbíó
Legend of Zorro kl. 5:30 og 10:30
Four Brothers kl. 8 og 10:15
In her shoes kl. 5:30 og 8

FRÉTTIR AF FÓLKI

Klædd fjólubláum leðurjakka, netasokkabuxum og stígvélum litur Madonna ekki út fyrir að vera deginum eldri en þrítug enda dansar hún eins og unglingur þrátt fyrir að hafa nýlega dottið af hestbaki. „Eftir að ég datt á hestbaki finnst mér svo frábært að geta dansað, ég met það betur en áður,” sagði hún á dögunum.



Robbie Williams er ökryndur kóngur MTV Europe Award verðlaunanna. Hann tók 50 Cent, Eminem, Moby og Snoop Doggy Dogg í nefið þegar hann krækti í verðlaunin Besti skemmtikrafturinn. Hann var að vonum ánægður með verðlaunin og sagði: „Í mér búa margir frábærir menn og ég veit ekkert hvar ég mun vakna í fyrramálið.”



George Clooney segist ekki vilja leika í fleiri rómantískum myndum. Þessi 44 ára gamli hjartaknúsi segist vilja feta nýjar brautir. „Ég vil ekki vera sextugur að leika á móti 35 ára leikkonum, það gengur bara ekki upp.”



Haltu mér, slepptu mér ástarsamband Jude Law og Siennu Miller hefur verið mikið í fréttum. Um þessar mundir eru þau saman. The Mirror segir að parið hafi ýtt öllum vandamálum út af borðinu til að gefa sambandinu hinn síðasta séns. Jude hitti Siennu í hádegismat á veitingastað í Lundúnum á dögunum. Par fór ekki framhjá neinum að ástin var ennþá til staðar.



Fyrstu þúsund pizzunum fylgja bíómiðar eða glaðningur tengdur Legend of Zorro

meðga vika 7.-13. nóv.

Allar pizzur á **1.090 kr.**
Hvítlauksolía fylgir!

Kjúklingavængir 495 kr.
Brauðstangir 295 kr.
Kjúklingacombo 495 kr.

Allt 2 lítra gos á 195 kr.

www.dominos.is

Domino's Pizza

58•12345

ANTONIO BANDERAS **CATHERINE ZETA-JONES**

THE LEGEND OF ZORRO
GÓÐSÖGNIN SNÝR AFTUR Í ÆVINTÝRALEGRI SPENNUMYND

SMÁRA BÍÓ LAUGARÁS BÍÓ Borgarbíó

Vinsælasta myndin á Íslandi!

Idol X-Stream á Vísi

Lohan skiptir um stíl



**Örugg
vefsvæði**

dulkodun.is



Sagan endalaus

Víkingar hafa enn ekki leyst mál þeirra Grétars Sigfinns Sigurðssonar og Víktors Bjarka Arnarssonar. Grétar er enn ekki farinn að æfa með Víkingum og segir sagan að enn sé langt í land í viðræðum hans og Víkings og ekki loku fyrir það skotið að hann endi á Hlíðarenda eftir allt saman.

sport
sport@frettabladid.is

BIRGIR LEIFUR HAFÞÓRSSON: KOMST MEÐ BARÁTTU Í GEGNUM ÚRTÖKUMÓT Á SPÁNI

Petta var svakaleg dramatík

Kylfingurinn Birgir Leifur Hafþórsson frá Akranesi er búinn að tryggja sér þáttokurétt á lokaúrtökumóti fyrir Evrópumótaröðina en tæpt stóð það. Birgir lenti nefnilega í kröppum dansi á úrtökumóti í Katalóníu um helgina og hann var tveim höggum frá því að komast áfram fyrir síðasta daginn. Það var því lítið annað í spilunum hjá Birgi en að spila ákveðið golf síðasta daginn og það gerði hann.

Með mikilli baráttu tókst Birgi Leifi að tryggja sér umspil ásamt átta öðrum kylfingum en fjórir af þeim komust síðan áfram. Birgir Leifur fór fyrstu holuna í umspilinu á einu undir pari og hann var því kominn áfram en hann fór annars lokahringinn á 72 höggum eða á sléttu pari.

„Þetta var svakaleg dramatík og það var gaman að takast á við það. Sérstaklega þar sem þetta fór allt svona vel í lokin. Þetta var vissulega góð reynsla fyrir mig,“ sagði Birgir Leifur í samtali við Fréttablaðið frá flugvellingum í Barcelona í gær. Hann heldur næst til Malaga þar sem síðasta úrtökumótið fyrir Evrópumótaröðina hefst á fimmtudag en á því móti hefur Birgir Leifur ansi oft komist nálægt því að tryggja sér keppnisrétt á Evrópumótaröðinni.

„Þetta er síðasta tækifæri fyrir kylf-

inga til að komast inn á Evróputúrinn,“ sagði Birgir Leifur en þrjátíu kylfingar munu ganga frá mótinu um næstu helgi með farnið á Evróputúrinn en rúmlega 160 kylfingar taka þátt í mótinu þannig að það verður án vafa við ramman reip að draga.

„Það verður hart barist en ég tel mig eiga ágæta möguleika. Það er hið fræga dagsform sem ræður því hvort maður komist áfram. Ég er í þokkalegu formi og mæti fullur sjálfs-trausts á mótið,“ sagði Birgir Leifur Hafþórsson.



> Þórarinn til Keflavíkur

Knattspyrnumaðurinn Þórarinn Kristjánsson mun að öllum líkindum ifa undir samning við uppeldisfélag sitt, Keflavík, í vikunni. Þórarinn hefur verið í viðræðum við Grindavík og Keflavík síðustu vikur en Grindavíkingar hafa slitið viðræðunum þar sem þeir sáu sér ekki fært að mæta launakröfum Þórarins sem ku vera af dýrari gerðinni. Keflvíkingar hafa aftur á móti enn mikinn áhuga á að fá Þórarinn í sínar raðir og þeir virðast vera eina félagið sem er á höttunum eftir Þórarini í dag.



„Við vorum hugsuð hvort fyrir annað.“

Móttframlagið þitt



Hjá sérvörslun **Parka** að **Dalvegi 18** í Kópavogi bjóðum við upp á mjög mikið úrval af gegnheilu og fljótandi parketi ásamt parketvörum frá heimspekkum framleiðendum.



Dalvegi 18
201 Kópavogur
Sími: 564 3500

Fax: 564 3501
Netfang: parki@parki.is
www.parki.is



SÖGULEGT MARK Darren Fletcher fagnar hér marki sínu gegn Chelsea í gær ásamt stuðningsmönnum Manchester United. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Manchester Utd. stöðvaði Chelsea

Manchester Utd. varð fyrsta liðið til þess að sigra Chelsea í ensku úrvalsdeildinni síðan í október í fyrra.

FÓTBOLTI „Gagnrýnin sem við leikmenn höfum orðið fyrir að undanfögnu fékk okkur til þess að skerpa á einbeitingunni fyrir leikinn og þessi sigur var að mínu mati fyllilega verðskuldaður. Við sýndum úr hverju leikmenn Manchester United eru gerðir,“ sagði Alan Smith, leikmaður Man. Utd., eftir að liðið lagði Chelsea að velli, 1-0, í ensku úrvalsdeildinni.

Skoski landsliðsmaðurinn Darren Fletcher skoraði sigurmarkið í leiknum á 31. mínútu með laglegum skalla. Jafnræði var með liðunum framan af en baráttu og dugnaður leikmanna Manchester United var mun meiri heldur en í undanföllum leikjum og gekk leikmönnum Chelsea afar illa að skapa góð marktækifæri.



ERFITT AÐ TAPA John Terry og Jose Mourinho voru þungir á brún eftir leikinn.

Eiður Smári Guðjuhnson kom inn á í byrjun seinni hálfleiks fyrir Mickael Essien og lét mikið að sér kveða. Með tilkomu Eiðs gekk Chelsea betur að halda boltanum innan liðsins og gerði liðið harða hríða að marki Manchester United síðustu mínúturnar, en tókst þó ekki skora.

Alex Ferguson, knattspyrnstjóri Manchester United, var ánægður eftir leikinn og sagði leikmenn sína hafa svarað gagnrýninni sem þeir hafa orðið fyrir að undanfögnu með réttum hætti. „Ég hef fundið vel fyrir pressunni að undanfögnu, en hún hefur samt ekkert verið meiri en undanfarin ár. Manchester United er stórt félag og það er alltaf mikil pressa, en auðvitað eykst hún ef árangurinn er ekki nægilega góður. Nú verðum við að komast á skrið og ég tel okkur eiga möguleika á sigri í deildinni ennþá.“

José Mourinho, knattspyrnstjóri Chelsea, var rólegur í leiklok. „Ég hef ekki áhyggjur þó við höfum tapað þessum leik. Það býr mikið í mínu liði og mér fannst við eiga skilið að fá meira út úr leiknum, en varnarleikur Manchester United var einstaklega góður.“

- mh

„EIGUM VIÐ AÐ HITTAST Í HÁDEGINU OG BYRJA SAMAN?“

MÓTTFRAMLAGIÐ ÞITT

ÚR SPORTINU

BC fréttastofan hélt því fram í gær að Graham Rix yrði næsti stjóri skoska knattspyrnufélagsins Hearts, sem Hjálmar Þórarinnsson leikur með, og á að tilkynna um ráðninguna í vikunni að því er BBC segir. Rix tekur við starfinu af George Burley sem sagði starfi sínu lausu, sem og fleiri hæstráðendur, sökum afskipta eigandans, Vladimir Romanov. Rix var aðstoðarmaður Gianluca Vialli með Chelsea og stýrði síðar Portsmouth. Hann átti að leika á Ian Rush-mótinu um helgina en forfallaðist þar sem hann var augljóslega í samninga-viðræðum við Hearts.



Handknattleikslíð HK hefur fengið 27 ára örvhenta rússneska skyttu, Maksim Shalimov að nafni, til reynslu. Honum er ætlað að leysa Tomas Eitutis af hólmi sem er meiddur og getur ekki leikið fyrr en í febrúar. Shalimov var rússneskur meistari fyrir fjórum árum síðan en hefur síðan leikið á Spáni og í Slóvakíu að því er fram kemur á heimasíðu HK.

Patrick Vieira, fyrrum fyrirliði Arsenal, hefur útilokað að hann muni nokkurn tíma leika fyrir Manchester United og í raun á hann ekki von á því að leika aftur í ensku úrvalsdeildinni. „Ég er mjög hamingjusamur hjá Juventus og það er enginn sannleikur í þeim sögum að ég sé aftur á leið til Englands og hvað þá til Man. Utd.“ sagði Vieira, sem var seldur á tæpar fjórtán milljónir punda í sumar.

David Moyes, stjóri Everton, hefur mikinn áhuga á því að kaupa danska trölíð Thomas Gravesen aftur til félagsins þegar leikmannamarkaðurinn opnast á ný í janúar. Gravesen var seldur til Real Madrid í fyrra en honum hefur gengið illa að festa sig í sessi hjá félaginu og er líklega til sölu eftir áramót. Gravesen fór á kostum hjá Everton áður en hann var seldur og margir stuðningsmenn félagsins myndu fagna endurkomu hans.



Jose Mourinho, stjóri Chelsea, virðist ekki kunna að hætta að rífast því hann er enn að bauna á Arsene Wenger, stjóra Arsenal, þó flest benti til þess að þeir væru búnir að leggja niður vopnin. „Arsene virðist ekki geta sætt sig við þá staðreynd að líf hans hefur breyst“, segir Mourinho í vikulegum pistli sínum í portúgölsku dagblaði. „Hann er frábær þjálfari en verður að átta sig á staðreyndum ef hann ætlar að rífa liðið sitt upp á ný. Það er örugglega ekki auðvelt en menn verða að einbeita sér að vinnunni og hætta að skipta sér af því hvað sé að gerast hjá öðrum liðum.“

Reski boxarinn Amir Khan vann auðveldan sigur á Steve Gethin í þrem lotum um helgina. Eftir tíu sekúndur var Gethin í vanda sem hann komst aldrei úr. Khan ætlar að berjast næst 10. desember en ekki er búið að velja andstaðing fyrir þessa 18 ára stjórn sem hefur fengið frekar auðvelda bardaga í byrjun atvinnumannaferils síns.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR? NÓVEMBER

4 5 6 7 8 9 10

Föstudagur

LEIKIR

19.00 ÍS og ÍR mætast í Poweradebikar kvenna.

SJÓNVARP

- 16.10 Ensku mörkin á Rúv.
- 17.30 PGA á Sýn. Bein útsending.
- 20.30 Ítölsku mörkin á Sýn
- 21.00 Ensku mörkin á Sýn
- 21.30 Spænsku mörkin á Sýn
- 22.00 Olísísport á Sýn
- 23.50 Ensku mörkin á Rúv.

Sörenstam vann stórmótið í Shiga fimmta árið í röð:

Glæsilegt met Sörenstam

GOLF „Mér leið vel á meðan ég var að spila og það skiptir kylfinga allt af miklu máli. Það var síðan ánægju-auki að ná að setja met með þessum sigri,“ sagðir Annika Sörenstam eftir að hún hafi sigrað á golfmótiinu í Shiga í Japan í fimmta skiptið í röð, en engum öðrum atvinnukylfingi hefur áður tekist að vinna á stórmóti fimm sinnum í röð.

Hin sænska Sörenstam lék af miklu öryggi á mótinu og lék á 21 höggi undir pari vallarins. Jennifer Rosales frá Filippseyjum varð önnur en hún endaði þremur höggum á eftir Sörenstam.

Sörenstam er ákveðin í því að

halda áfram að bæta sig sem kylfingur. „Þessi árangur er líklega sá magnaðasti á mínum ferli. Þó ég segi sjálf frá, þá finnst mér þetta sýna hversu langt ég er búin að ná í golfinu. Nú er það bara undir mér komið að halda mér í fremstu röð á næstu árum.“

- mh

ANNIKA SÖRENSTAM FAGNAR SIGRINUM Sörenstam lék af miklu öryggi í Shiga um helgina og sýndi að hún er fremsti kvenkyns kylfingur sem uppi hefur verið.



Þýski handboltinn:

Snorri skoraði tíu mörk

HANDBOLTI Landsliðsmaðurinn Snorri Steinn Guðjónsson skoraði tíu mörk, þar af sjö úr vítum, fyrir félag sitt, Minden, er það lagði Concordia Delitzsch, 38-26, í þýsku úrvalsdeildinni í gær. Minden er í fjórtaða sæti deildarinnar eftir leikinn.
